

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1972  
REYKJAVÍK 1973

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

## EFNISYFIRLIT

<b>Skýrsla bankastjórnar . . . . .</b>	<b>5</b>
Þjóðarframleiðsla og þróun efnahagsmála . . . . .	5
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál . . . . .	13
Þróun ríkisfjármála . . . . .	27
Þróun peningamála . . . . .	32
Starfsemi fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða . . . . .	44
Yfirlit yfir lánamarkaðinn . . . . .	48
Um rekstur bankans og starfsemi . . . . .	53
Stjórn bankans og starfsmenn . . . . .	67
<b>Reikningar 1972 . . . . .</b>	<b>73</b>
<b>Töflur . . . . .</b>	<b>81</b>




## SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

### ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA OG ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Efnahagsþróunin árið 1972 einkenndist af ört vaxandi peningatekjum og neyzlu, jafnframt því sem verulega dró úr vexti þjóðartekna. Leiddi þetta bæði til örari verðbólguþróunar og meiri aukningar neyzlu, framkvæmda og opinberrar þjónustu en vöxtur þjóðartekna leyfði. Skoða verður þessa þróun í samhengi við undanfarin ár og í ljósi þeirrar hagsveiflu, er hófst, eftir að þjóðarbúið fór að rétta við í kjölfar efnahagserfiðleika árána 1967 og 1968. Árið 1969 hafði myndast verulegur slaki bæði í atvinnu og nýtingu annarra framleiðsluþátta, og voru því góð skilyrði fyrir aukinni framleiðslu, strax og aðstæður í sjávarútveginum bötunðu. Á árunum 1970 og 1971 jókst raunvirði þjóðarframleiðslunnar um 7,7% á ári að meðaltali, og byggðist sú aukning fyrst og fremst á batnandi aflabrogðum og mjög auknum útflutningi sjávarafurða og iðnaðarvara. Viðskiptakjör bötunðu einnig mikið á þessum árum vegna hækkandi útflutningsverðlags, þannig að raunvirði þjóðartekna, þ. e. a. s. þau verðmæti, sem þjóðarbúið hefur til ráðstöfunar, jókst um 11,4% á ári að meðaltali. Þessi aukning er með því mesta, sem gerzt hefur hér á landi.

**Minni hagvöxtur 1972** Verulega dró úr hagvexti á árinu 1972, og var orsakanna vafalaust öðru fremur að leita í því, að þegar hafði náðst fullnýting vinnuafls og annarra framleiðsluþátta. Áætlað er, að raunvirði þjóðarframleiðslunnar hafi aukizt á árinu 1972 um 6% eftir að hafa aukizt um 9,5% árið áður. Við þennan hægari vöxt bættist svo það, að viðskiptakjör, sem farið höfðu ört batnandi næstu þrjú ár á undan, rýrnuðu verulega árið 1972, þannig að raunvirði þjóðartekna jókst aðeins um 5%, en árið 1971 hafði aukningin numið 12,5% og 10,3% árið 1970.



**Mikil aukning  
einkaneyzlu**

Þótt 5% aukning á raunvirði þjóðartekna sé yfir meðaltali hagvaxtar hér á landi síðustu einn til tvo áratugin, reyndist hún allsendis ónóg til þess að mæta aukinni verðmætaráðstöfun þjóðarbúsins á árinu 1972. Veigamesti þáttur hennar var stóraukin einkaneyzla, sem stafaði af hinum miklu launahækkunum, sem ákveðnar voru í lok ársins 1971. Þótt verulegur hluti þessara launahækkana eyddist af víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, mun einkaneyzlan á föstu verðlagi þó hafa aukizt um nálægt 11% á árinu. Leiddi þetta til rýrnunar á raunverulegum greiðslujöfnuði við útlönd, þótt það kæmi ekki fram í greiðslujafnaðartölum ársins, einkum vegna mikilla birgðabreytinga, eins og síðar verður grein fyrir gerð.

**Rekstrarörðugleikar  
sjávarútvegsins**

Ofan á þetta bættust vaxandi rekstrarörðugleikar sjávarútvegsins, þar sem framleiðsluverðmæti hans jókst aðeins um tæp 3% á árinu í heild, sem var mun lægra en búizt hafði verið við í upphafi ársins. Gat hann við þessar aðstæður ekki tekið á sig hinar miklu kostnaðarhækkanir, sem fylgt höfðu í kjölfar kaupgjaldsbreytinganna, og var þetta ásamt versnandi greiðslujafnaðarhorfum meginástæðan fyrir gengisbreytingu krónunnar í desember 1972, en um hana verður nánar rætt síðar í skýrslunni.

**Aflamagn**

Heildarfiskaflinn jókst um 8% að magni árið 1972 upp í 739 þús. tonn, en öll magnaukningin kom fram í miklum loðnuafli, sem jókst um 52% frá árinu áður og varð alls 278 þús. tonn. Hins vegar minnkaði þorskaflinn um rúm 5% niður í 399 þús. tonn eftir að hafa minnkað um 12% árið áður. Þessi rýrnun þorskaflans kom einkum fram í minni afla á vertíð fyrir Suðvesturlandi og stafar af því, að sterku hrygningarárgangarnir frá 1963—65 virðast að mestu upp urnir. Þá hefur sókn erlendra veiðiskipa, einkum Breta og Þjóðverja, aukizt mikið á Íslands-

*Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972*

	<i>Vöxtur</i>	
	<i>Millj. kr. á</i>	<i>f. fyrra ári á</i>
	<i>verðlagi árs-</i>	<i>föstu verðlagi</i>
	<i>ins 1972</i>	<i>í %</i>
Þjóðarframleiðsla á markaðsvirði .....	65.200	6,2
Útflutningur vöru og þjónustu .....	26.130	11,5
÷ Innflutningur vöru og þjónustu .....	27.900	0,1
Viðskiptajöfnuður .....	÷ 1.770	—
Verðmæti til ráðstöfunar innanlands .....	66.970	1,3
Einkaneyzla .....	42.770	10,7
Samneyzla .....	6.750	5,7
Fjármunamyndun .....	18.620	÷ 2,0
Breyting útflutningsbirgða og bústofns ....	÷ 1.170	—
Geiraskipting fastrar fjármunamyndunar:		
Atvinnuvegirnir .....	8.570	÷ 8,0
(án innfluttra skipa og flugvéla) .....	7.450	4,3
Íbúðarhús .....	4.050	23,0
Byggingar og mannvirki hins opinbera ....	6.000	÷ 0,4

mið eftir 1969. Hefur það orðið til að minnka skerf Íslands í heildaraflanum við Íslandsstrendur, auk þess sem álag á fiskstofnana hefur vaxið.


**Útflutningsverðlag**

Þótt aflamagn hafi aukizt um 8% árið 1972, var skipting aflans á fisktegundir óhagstæð. Ef verðlag ársins 1971 hefði haldizt óbreytt, hefði heildarverðmæti aflans minnkað um 6½% frá 1971 til 1972. Nú hækkaði hins vegar meðalverð sjávarafurða til útflutnings kringum 10%, þannig að heildarverðmæti aflans jókst um tæp 3%. Eru þetta mikil umskipti frá árinu áður, þegar útflutningsverðmæti framleiddra sjávarafurða jókst um fimmting, en meðalútflutningsverð þeirra um rúman fjórðung.

Frystur fiskur hækkaði um nær 13% í verði frá 1971 til 1972, aðallega vegna mikillar eftirspurnar á Bandaríkjamarkaði. Þá hækkaði saltfiskur um 15%, en hins vegar lækkaði meðalverð á lýsi og mjöli um 11% fyrir árið í heild, þótt talsverð hækkun hafi átt sér stað undir árslok 1972. Hún kom þó ekki að gagni, þar eð búið var að selja mestalla framleiðslu ársins.

**Iðnaður**

Framleiðsla iðnaðarins er talin hafa aukizt mun minna að magni til árið 1972 en næstu tvö árin á undan eða um 8% borið saman við 15% vöxt árið 1971 og 22% árið 1970. Á fyrstu þremur árunum eftir gengisbreytinguna 1968 var aðstaða iðnaðarins til útflutnings og til samkeppni við erlendar vörur á innlendum markaði tiltölulega góð, þannig að framleiðsla á iðnaðarvörum jókst mun hraðar en þjóðarframleiðslan í heild. Vegna mikillar hækkunar á innlendum kostnaði versnaði afkoma iðnaðarins



nokkuð árin 1971 og 1972, og gætti þar einnig áhrifa verðstöðvunarinnar árið 1971 ásamt ströngu verðlagseftirliti 1972. Dró þetta bæði úr vexti framleiðslu og fjárfestingar í iðnaðinum.

Framleiðsla iðnaðarvara til útflutnings, annarra en áls, jókst um rúm 30% árið 1972 að verðmæti, en hafði aukizt um 40% árið 1971. Nam framleiðsla iðnaðarvarnars rúmum 6% af heildarframleiðslu útflutningsvara, en fimm árum áður var hún ekki nema um 11½% af heildinni. Framleiðsla kísilgúrs jókst úr um 19 þús. tonnnum 1971 í tæp 22 þús. tonn 1972 eða um nær 14%. Útflutningur kísilgúrs var tæp 20 þús. tonn á árinu. Framleiðsla áls jókst úr nær 41 þús. tonnnum 1971 í tæp 45 þús. tonn 1972 eða um tæp 11%. Heldur glæddist markaður fyrir ál erlendis, þannig að útflutningur áls jókst úr 33,5 þús. tonnnum 1971 í 59,2 þús. tonn 1972, og birgðir áls lækkuðu um 13,8 þús. tonn á árinu.

#### Landbúnaður

Framleiðsla landbúnaðarins er talin hafa aukizt um 4—5% að magni árið 1972 og nam um 5.600 millj. kr. að verðmæti miðað við verð til bænda. Er þetta nokkru minni aukning en árið áður, þegar hún varð tæp 9%, en næstu fimm árin þar áður voru erfið ár fyrir landbúnaðinn, er framleiðslan minnkaði um nær 8%.

#### Ráðstöfun þjóðarframleiðslu

Að magni til jókst heildarráðstöfun þjóðarframleiðslunnar ekki nema um rúmt 1% frá 1971 til 1972, en það stafar af mikilli sérstakri fjármunamyndun 1971, sem endurtók sig ekki 1972. Sé hún reiknuð frá, jókst innlend verðmætaráðstöfun um 10% að raunvirði borið saman við 5,2% aukningu á sama grundvelli árið áður.

#### Neyzla

Einkaneyzla er talin hafa aukizt um 26% að verðmæti frá 1971 til 1972, en það var heldur meiri aukning en árið áður, er hún nam 22%. Hins vegar urðu meiri verðhækkningar á einkaneyzlu



## Fjármunamyndun

árið 1972 en 1971, þannig að raunvirðisaukning einkaneyzlunnar varð 10,7% 1972 borið saman við 12,6% 1971.

Samneyzla jókst um rúmlega 5½% á föstu verðlagi 1972 borið saman við 6,4% aukningu 1971 og 4,5% árið 1970. Á árunum 1960—70 jókst samneyzla um 5,3% á ári að meðaltali, miðað við fast verðlag, borið saman við 4,5% meðalaukningu þjóðarframleiðslu á sama tíma.

Um 25—30% af vergri þjóðarframleiðslu er árlega ráðstafað til fjármunamyndunar. Hlutfall þetta er nokkuð breytilegt frá ári til árs, einkum vegna þess, hve stórframkvæmdir og innflutningur skipa og flugvéla falla mismunandi þungt á einstök ár, en þessir þættir eru þýðingarmiklir hlutar af heildarfjármunamynduninni. Af þessum ástæðum er gagnlegt að skipta fjármunamynduninni í þrennt, þ. e. í stórframkvæmdir (virkjanir o. fl.), innflutning skipa og flugvéla og almenna fjármunamyndun.

Árið 1972 minnkaði heildarfjármunamyndunin um 2% á föstu verðlagi borið saman við nær 44% aukningu árið áður, en á því ári var innflutningur skipa og flugvéla mjög mikill, og enn fremur voru stórframkvæmdir meiri 1971 en 1972. Almenn fjármunamyndun, þ. e. önnur en skip, flugvélar og stórframkvæmdir, jókst um rúm 10% að raunvirði árið 1972 borið saman við 32% aukningu árið áður.

Fjárfesting atvinnuveganna minnkaði í heild um 11% árið 1972 frá fyrra ári, en sú rýrnun liggur fyrst og fremst í minni innflutningi flugvéla, eins og áður er getið. Sé flugvélum sleppt, jókst fjármunamyndun atvinnuveganna um rúm 7% árið 1972 borið saman við 34% aukningu 1971. Sé innflutningi skipa einnig sleppt, verður vaxtarmunurinn milli ára meiri, þ. e. 4,3% aukning 1972 og 46% 1971. Þessi umskipti í fjármunamyndun atvinnuveganna koma einkum fram á iðnaðinum og þjónustugreinunum, en þar óx fjármunamyndun mjög lítið. Aftur á móti var mikil aukning í fjármunamyndun í landbúnaði, en þó einkum fiskveiðum. Þá minnkaði fjárfesting í farskipum og bifreiðum til atvinnurekstrar nokkuð, svo og í ýmsum vélum og tækjum, sem ekki er skipt niður á atvinnugreinar.

Fjárfesting í íbúðarhúsum jókst um 23% árið 1972, borið saman við nær 13% aukningu 1971 og rúmlega 1% aukningu árið þar áður. Þessi mikla aukning íbúðabygginga 1972 stendur í sambandi við öra hækkun á tekjum launþega, en auk þess varð veruleg aukning á útlánum til íbúða á árinu. Þá er einnig á það að líta, að ætla má, að árin 1968—70 hafi myndast talsverð ófullnægð eftirspurn á húsnæðismarkaðinum, sem nú er að skila sér.

launasamningana í desember 1971 var sýnilegt, að útgjalda-áform einkaaðila og hins opinbera stefndu verulega fram úr framleiðslugetu hagkerfisins og að afleiðingarnar hlýtu að verða aukinn viðskiptahalli og vaxandi verðbólga. Við þetta bættist svo versnandi rekstrarafkoma sjávarútvegsins, en tekjuaukning hans á árinu reyndist minni en við var búizt og hvergi nærri nóg til þess, að hann gæti tekið á sig þær miklu kostnaðarhækk-anir, sem á hann hlóðust á árinu.

Reynt var með ýmsu móti að hamla mót hinni vaxandi eftir-spurnarþenslu, t. d. með því að stöðva um sinn víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, svo sem lýst er hér að framan. Einnig var stefnt að aðhaldi í peningamálum, og báru þær aðgerðir nokkurn árangur, svo sem nánar verður rætt í kaflanum um peningamál hér á eftir. Þá var og framkvæmdur nokkur nið-urskurður á fyrri áætlunum um opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða. Þótt ráðstafanir þessar hafi vafa-laust dregið nokkuð úr eftirspurnarþenslu og viðskiptahalla við útlönd miðað við það, sem á horfðist í upphafi ársins, reynd-ust þær ónógar til að tryggja viðunandi árangur í þessum efnum. Um mitt árið skipaði ríkisstjórnin sérstaka efnahagsmálanefnd, er gera skyldi tillögur „um leiðir og valkosti í efnahagsmálum“. Nefndin skilaði álit í nóvemberlok, þar sem hún benti á nauð-syn þess að gera ráðstafanir annars vegar til þess að draga úr aukningu eftirspurnar til að forðast óhóflegan viðskiptahalla og verðbólguhættu, en hins vegar til þess að bæta það, sem á skorti, að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna væri fullnægj-andi. Þótt nefndin gerði ekki ákveðnar tillögur, benti saman-burður hennar á mismunandi leiðum, sem um væri að velja, til þess, að gengisbreyting væri sennilega skásta leiðin, ef hún væri studd öflugum aðhaldsaðgerðum í fjármálum, peningamál-um og verðlagsmálum.

Eftir að álit nefndarinnar varð kunnugt og opinberar umræður um það hófust, varð fljótlega vart við vaxandi eftirspurn eftir gjaldeyri. Við þessar aðstæður skipti miklu máli, að tekin yrði sem fyrst ákvörðun um val leiða. Varð niðurstaðan sú, að stofn-gengi íslenzku krónunnar var lækkað um 10,7% hinn 20. des-ember. Var sú gengisbreyting talin nægileg til þess að tryggja útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll við þá-verandi aðstæður. Að hve miklu leyti hún myndi nægja til þess að ná æskilegum bata í viðskiptajöfnuðinum við útlönd, hlaut hins vegar að fara eftir því, hvort gerðar yrðu ráðstafanir til aðhalds á öðrum sviðum, svo sem um framkvæmdaáform hins opinbera, útlánafyrirættanir fjárfestingarlánasjóða, en þó ekki sízt um víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags.

#### Álit

#### Efnahagsmálanefndar

#### Gengislækkun

## GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

### Hagstæður heildar- greiðslujöfnuður vegna mikils fjár- magnsinnflutnings

### Óhagstæður viðskiptajöfnuður

Bráðabirgðatölur þær, sem nú liggja fyrir um afkomu þjóðar-  
búsins út á við á árinu 1972, sýna, að greiðslujöfnuðurinn varð  
í heild hagstæður um 667 millj. kr. Þessi hagstæði heildargreiðslu-  
jöfnuður á rætur að rekja til mikils fjármagnsinnflutnings, eins  
og sjá má, ef litið er á einstaka þætti greiðslujafnaðarins. Þannig  
varð vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 2.100 millj. kr., þjón-  
ustujöfnuður hagstæður um 330 millj. kr. og viðskiptajöfnuður  
fyrir vörur og þjónustu því óhagstæður um 1.770 millj. kr. Fjár-  
magnsjöfnuður að meðtöldum sérstökum dráttarréttindum varð  
hins vegar hagstæður um rúmlega 2.400 millj. kr. Árið áður  
varð viðskiptajöfnuður samkvæmt greiðslujafnaðaryfirliti óhag-  
stæður um 3.860 millj. kr., og er þá viðskiptajöfnuður ársins  
1972 samkvæmt því 2.090 millj. kr. hagstæðari en 1971. Við  
samanburð á viðskiptajöfnuði áráanna 1971 og 1972 þarf að hafa  
í huga, að mjög mikill munur var bæði á þróun birgðabreytinga  
útflutningsvara á hvoru ári fyrir sig, og eins var mikill munur  
milli ára á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Á árinu  
1971 jukust birgðir útflutningsafurða um 1.732 millj. kr., en  
lækkuðu hins vegar um 1.108 millj. kr. á árinu 1972, og nemur  
mismunur á birgðaþróun milli ára þannig 2.840 millj. kr., þar  
sem birgðir í lok hvors árs eru metnar á meðalútflutningsverði  
viðkomandi árs. Þá var innflutningur sérstakra fjárfestingar-  
vara tæpum 1.140 millj. kr. lægri á árinu 1972 en árið áður.  
Sé leiðrétt fyrir þessu tvennu, kemur í ljós, að þróun viðskipta-  
jafnaðarins var um 1.940 millj. kr. óhagstæðari á árinu 1972 en  
árið áður, og er það að ýmsu leyti raunhæfari samanburður á  
breytingu viðskiptajafnaðar þessara tveggja ára en tölur greiðslu-  
jafnaðaryfirlits sýna, sem að sjálfsögðu eru byggðar á inn- og  
útflutningstölum viðkomandi ára. Er nánari grein gerð fyrir  
þessu síðar í þessum kafla.

Verðmæti útflutningsframleiðslunnar jókst á árinu 1972 um  
5% frá árinu áður, þegar álframleiðsla er undanskilin. Er þetta  
miklu minni aukning en á árinu 1971, þegar verðmæti útflutn-

**Verðmæti  
útflutningsframleiðslu**

ingsframleiðslunnar jókst um 20%. Þrátt fyrir aukningu sjávar-  
afla að þyngd á árinu 1972 varð, vegna óhagstæðari skiptingar  
aflans á fisktegundir, um að ræða 6—7% verðmætisrýrn-  
un aflans miðað við verðlag 1971. Hins vegar jókst útflutnings  
verðmæti sjávarafurða um tæp 3% miðað við árið áður vegna  
hækkandi verðlags. Framleiðsluverðmæti iðnaðarvara til útflutn-  
ings, annarra en áls, jókst um rúm 30% frá árinu áður, en þrátt  
fyrir tæplega 11% magnaukningu álframleiðslu rýrnaði fram-  
leiðsluverðmæti hennar vegna óhagstæðrar verðþróunar um því  
nær 5% frá fyrra ári.

*Útflutningur helztu vörutegunda*

(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

	1968	1969	1970	1971	1972
<b>Sjávarafurðir:</b>					
Saltfiskur .....	1.042	1.027	1.163	1.677	2.075
Ísfiskur .....	316	513	724	403	402
Freðfiskur .....	2.179	3.109	4.535	5.330	5.559
Síld og síldarafurðir .....	1.518	962	892	761	705
Loðna og loðnuafurðir .....	125	394	592	580	833
Aðrar sjávarafurðir .....	1.165	1.731	2.206	2.305	2.746
Sjávarafurðir samtals .....	6.345	7.736	10.112	11.056	12.320
<b>Landbúnaðarafurðir</b> .....	613	591	423	400	516
<b>Iðnaðarvörur:</b>					
Ál .....	—	519	1.708	888	2.716
Kísilgúr .....	15	65	127	157	194
Aðrar iðnaðarvörur .....	150	266	392	555	741
Iðnaðarvörur samtals .....	165	850	2.227	1.600	3.651
Aðrar vörur .....	115	289	153	119	211
<b>Útflutningur alls</b> .....	7.238	9.466	12.915	13.175	16.698

Heildarverðmæti útfluttrar vöru nam 16.700 millj. kr. á árinu  
1972, og er það nálægt 27% aukning frá árinu áður. Ef útflutn-  
ingur á áli er undanskilinn, nam útflutningsverðmæti annarra  
útfluttra vara 13.980 millj. kr., en það er tæplega 14% aukning  
frá fyrra ári. Í töflu hér að ofan er sýnd skipting útflutnings á  
helztu vörutegundir sl. fimm ár, og má þar sjá vaxandi hlut-  
deild iðnaðarvara í heildarútflutningi. Á árinu 1968 námu iðn-  
aðarvörur 2,3% af heildarútflutningi, en sjávarafurðir námu  
hins vegar 87,7% af heildarútflutningi. Á árinu 1972 námu  
iðnaðarvörur tæplega 23% af heildarútflutningi ársins, en sjáv-  
arafurðir námu tæpum 74%. Ef útflutningur áls er undanskil-  
inn á árinu 1972, er hlutdeild sjávarafurða í heildarútflutningi

**Aukning  
útflutningsverðmætis**

**Skipting útflutnings  
á lönd**

rúmlega 88% eða svipað og var á árinu 1968, en hlutdeild annarra iðnaðarværa verður þá 6,7% á árinu 1972 á móti 2,3% 1968, en á því ári var útflutningur á áli ekki hafinn. Innan sjávarafurða hefur aðalbreytingin orðið sú, að með rýrnun á síldar afla hefur hlutdeild síldarafurða lækkað úr tæpum 24% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða 1968 í tæp 6% 1972. Hlutdeild freðfisks hefur hins vegar aukizt úr 34% af útflutningsverðmæti sjávarafurða 1968 í 45% 1972. Hlutdeild loðnuafurða hefur einnig farið vaxandi og nam á árinu 1972 tæpum 7% af heildarútflutningi sjávarafurða.

Helztu breytingar á skiptingu útflutnings á lönd á árinu 1972 miðað við árið áður voru þær, að hlutfallslega lækkaði útflutningur til Bandaríkjanna úr 36,7% í 30,6% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) minnkaði úr 35% í 33,8%. Hins vegar jókst útflutningur til landa Efnahagsbandalagsins (EEC) úr 11,7% í 16,1% af heildarútflutningi. Hlutfallsleg aukning varð á útflutningi til Austur-Evrópulanda úr 10,9% í 11,5% af heildarútflutningi. Aukinn útflutningur á áli hefur haft veruleg áhrif á framangreinda hlutfallsbreytingu.

**Útflutnings-  
vörubirgðir**

Eftirfarandi yfirlit sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. þrjú ár miðað við verðlag í lok hvers árs. Einnig er sýnd verðmætisbreyting birgða 1971 og 1972.

*Útflutningsvörubirgðir*

(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

	<i>Birgðir í árslok</i>			<i>Breyting á árinu</i>		
	1970	1971	1972	1971	1972	
Sjávarafurðir .....	1.019	1.693	1.310	+ 674	÷ 383	
Landbúnaðarafurðir .....	172	235	298	+ 63	+ 63	
Kísilgúr .....	1	13	20	+ 12	+ 7	
	Samtals	1.192	1.941	1.628	+ 749	÷ 313
Ál .....	320	1.577	680	+1.257	÷ 897	
	Alls	1.512	3.518	2.308	+2.006	÷1.210

Eins og sjá má á yfirlitinu, er mismunur á birgðabreytingu á árunum 1971 og 1972 1.062 millj. kr., ef ál er undanskilið, en 3.216 millj. kr. að áli meðtöldu. Áhrif verðbreytinga á hvoru ári fyrir sig eru hér að fullu innifalin.

Almennur innflutningur jókst um rúmlega 16% miðað við árið 1971, en vöruinnflutningur í heild jókst hins vegar ekki nema um rúmlega 7% vegna þess, hve innflutningur flugvéla var miklu minni en árið áður, en á árinu 1971 var um að ræða

óvenju mikinn innflutning flugvéla. Varð aukning innflutnings nokkru minni en spár höfðu gert ráð fyrir. Aukning innflutnings miðað við árið 1971 varð allmiklu minni en sú hlutfallslega aukning, sem varð á árinu 1971 miðað við fyrra ár, en þá jókst almennur innflutningur um 29% og heildarinnflutningur um 40%.

Tafla hér á eftir sýnir almennan innflutning ársfjórðungslega sl. þrjú ár ásamt hlutfallslegri breytingu 1971 og 1972 miðað við fyrra ár.


	<i>Almennur innflutningur</i>			<i>Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári</i>	
	<i>Í millj. kr. á c.i.f.-verði</i>			<i>1971</i>	<i>1972</i>
	<i>1970</i>	<i>1971</i>	<i>1972</i>		
Jan.—marz	2.237	3.184	3.569	+42,3	+12,1
Apríl—júní	2.870	4.164	5.067	+45,1	+21,7
Jan.—júní	5.107	7.348	8.636	+43,9	+17,5
Júlí—sept.	3.114	3.863	4.289	+24,1	+11,0
Jan.—sept.	8.221	11.211	12.925	+36,4	+15,3
Okt.—des.	3.611	4.083	4.289	+13,1	+19,4
Júlí—des.	6.725	7.946	9.163	+18,2	+15,3
Jan.—des.	11.832	15.294	17.799	+29,3	+16,4

#### Aukning innflutnings

Hlutfallsleg aukning almenns innflutnings á árinu 1971 var langmest á 1. og 2. ársfjórðungi, en fór síðan lækkandi og varð minnst á síðasta ársfjórðungi. Á árinu 1972 er aukningin mun jafnari yfir árið. Minnst varð aukningin á 3. ársfjórðungi, en mest á 2. ársfjórðungi. Á 4. ársfjórðungi varð aukningin meiri en á sama tímabili árið áður, og ber þar hæst desembermánuð með rúmlega 50% aukningu miðað við sama mánuð árið áður. Kemur hér tvennt til. Í fyrsta lagi var innflutningur í desember 1971 hlutfallslega lítill vegna áhrifa frá verkfalli, sem þá var á farmskipaflotanum, og í öðru lagi mun gengislækkunin í desember sl. hafa haft þau áhrif, að innflytjendur hafa flýtt tollafgreiðslum eftir föngum, á meðan hægt var að tollafgreiða vörur á eldra gengi.

#### Skipting innflutnings á lönd

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd á árinu 1972 miðað við árið áður voru þær, að hlutfallslega lækkaði innflutningur frá Bandaríkjunum úr 14,7% í 8% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá löndum Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 38,6% í 44,3%, og innflutningur frá löndum Efnahagsbandalagsins (EEC) jókst úr 26,4% í 27,4% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Austur-Evrópulöndum jókst úr 9,6% í 10,4% af heildarinnflutningi. Þessi röskun á hlutdeild landsvæða í innflutningi 1971 og 1972 er því nær eingöngu vegna hinnar miklu sveiflu, sem varð á innflutningi flugvéla milli ára.



### Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölu greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 2.100 millj. kr. á árinu 1972. Árið áður varð vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 4.340 millj. kr., og er þá vöruskiptajöfnuður ársins 1972 samkvæmt því 2.240 millj. kr. hagstæðari en árið áður. Þessi samanburður á vöruskiptajöfnuði áráanna 1971 og 1972 gefur einn út af fyrir sig óraunhæfa mynd af þróun vöruskiptajafnaðar á þessum tveimur árum. Kemur þar í fyrsta lagi til, að mjög mikill munur var á breytingu á birgðum útflutningsafurða á hvoru ári fyrir sig. Á árinu 1971 jukust útflutningsvörubirgðir um 1.732 millj. kr., en á árinu 1972 lækkuðu útflutningsvörubirgðir um 1.108 millj. kr. Mismunur á þróun útflutningsvörubirgða milli þessara ára er því 2.840 millj. kr. Birgðabreytingin er hér metin á meðalútflutningsverði viðkomandi árs. Í öðru lagi er innflutningur á sérstökum fjárfestingarvörum svo sem skipum, flugvélum og vörum vegna stórframkvæmda oft háður miklum sveiflum frá ári til árs, sem gerir samanburð á vöruskiptajöfnuði einstakra ára oft óraunhæfan, nema sérstakt tillit sé til þess tekið. Á árinu 1972 var innflutningur sérstakra fjárfestingarvara 1.188 millj. kr. lægri en árið áður. Sé vöruskiptajöfnuður áráanna 1971 og 1972 leiðréttur fyrir þessu tvennu, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuður ársins 1972 er 1.938 millj. kr. lakari en 1971, og gefur það raunhæfari mynd af grundvallarbreytingu á milli þessara tveggja ára.

Eftirfarandi yfirlit sýnir viðskiptajöfnuðinn, það er jöfnuð fyrir vörur og þjónustu, sl. fimm ár. Er viðskiptajöfnuðurinn fyrst

**Viðskiptajöfnuður  
með leiðréttingu fyrir  
birgðabreytingu og  
sérstökum  
fjárfestingarvörum**


sýndur, eins og hann birtist í greiðslujafnaðaryfirliti, en síðan eru gerðar leiðréttingar fyrir árlegum breytingum útflutningsvörubirgða, þar sem birgðabreytingar eru metnar á meðalútflutningsverði viðkomandi árs, því næst er viðskiptajöfnuðurinn leiðréttur með því að draga innflutning sérstakra fjárfestingarvara út úr jöfnuðinum, en sá innflutningur er að langmestu leyti fjármagnaður með erlendu lánsfé eða eigin fé af erlendum uppruna. Er sá viðskiptajöfnuður, sem fæst eftir framangreindar leiðréttingar, allgóður grundvöllur fyrir samanburð á jöfnuði einstakra ára og mun raunhæfari en viðskiptajöfnuðurinn, eins og hann kemur fram á greiðslujafnaðaryfirliti. Í reyndinni er það svo, að Íslendingar flytja inn mikið af sérstökum fjárfestingarvörum, svo sem skip, flugvélar o. fl., og má því segja, að óeðlilegt sé að taka þann lið algjörlega út úr viðskiptajöfnuði, jafnvel við samanburð milli einstakra ára, og fá mætti jafngóðan samanburð, ef tekið væri nokkurra ára meðaltal af innflutningi, sem miklar árlegar sveiflur eru á. Þetta er gert á síðasta lið eftirfarandi yfirlits, þar sem árlega er tilgreint þriggja ára meðaltal á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara, og er þá tekið meðaltal af innflutningi viðkomandi árs, ársins á undan og næsta árs á eftir. Byggist því tilgreind innflutningstala fyrir árið 1972 meðal annars á áætlun fyrir árið 1973.

*Viðskiptajöfnuður með leiðréttingu fyrir birgðabreytingu  
og sérstökum fjárfestingarvörum*

	1968	1969	1970	1971	1972
Viðskiptajöfnuður .....	÷4.051	+ 391	+ 651	÷3.860	÷1.770
Breyting útfl.vörubirgða ....	÷ 200	÷ 67	÷ 305	+1.732	÷1.108
Viðskiptajöfnuður, leiðr. fyrir breytingu útfl.vörubirgða ..	÷4.251	+ 324	+ 346	÷2.128	÷2.878
Innfl. sérst. fjárfestingarvara	+2.131	+ 791	+1.072	+2.994	+1.806
Viðskiptajöfn. að frádr. sérst. fjárfestingarvörum og birgðabreytingu útfl.vara ..	÷2.120	+1.115	+1.418	+ 866	÷1.072
Sérstakar fjárfestingarvörur, meðalinnflutningur 3ja ára	÷1.856	÷1.331	÷1.619	÷1.863	÷2.288
Viðskiptajöfnuður að meðtöld- um 3ja ára meðalinnflutn- ingi sérstakra fjárfestingar- vara og leiðr. fyrir birgða- breytingu .....	÷3.976	÷ 216	÷ 201	÷ 997	÷3.360

Inn- og útfluttar vörur eru hér eins og annars staðar í greiðslu-  
jöfnuði gerðar upp á sama hátt, hvort tveggja á f.o.b.-grund-  
velli. Tölur þær, sem hér eru birtar um vöruskiptajöfnuð, eru





Því nokkuð frábrugðnar þeim tölum, sem Hagstofan birtir um vöruskipti við útlönd, þar sem útflutningur er reiknaður á f.o.b.-verði, en innflutningur á c.i.f.-verði, og er mismunurinn einkum flutningskostnaður og váttrygging af innfluttum vörum, auk ýmiss annars að jafnaði minniháttar mismunar í uppgjöri.

### Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum og tryggingum, vaxtagreiðslur, tekjur af varnarliðsviðskiptum o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur, þ. e. útflutt þjónusta, hafi numið 9.430 millj. kr. á árinu 1972, en þjónustugjöld, þ. e. innflutt þjónusta, 9.100 millj. kr., og er þjónustujöfnuðurinn þannig áætlaður hagstæður um 330 millj. kr. á árinu 1972 á móti 480 millj. kr. hagstæðum þjónustujöfnuði árið áður. Með í gjöldum á árinu 1972 eru taldar 706 millj. kr. vegna álbræðslu, en á árinu 1971 eru 500 millj. kr. taldar með gjöldum vegna álbræðslu.

### Samgöngur og ferðalög

Af einstökum liðum þjónustujafnaðarinnar er samgönguliðurinn mikilvægastur, og hafa tekjur af samgöngum numið meira en helmingi af heildarþjónustutekjum undanfarin ár, en innan samgönguliðarinnar vegur flugið þyngst, bæði að því er snertir tekjur og gjöld. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1972 virðist gæta nokkurs samdráttar í tekjum af flugi miðað við það, sem verið hefur undanfarin ár. Til tekna af erlendum ferðamönnum er aðeins talinn sá hluti, sem bankarnir kaupa af gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða með íslenskum farartækjum, talin í samgöngu-

liðnum og eru stór hluti í þeim lið. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn náms- og sjúkrakostnaður. Ef þessir tveir liðir eru dregnir frá útgjöldum vegna ferðalaga, verður jöfnuðurinn á ferðalagaliðnum óhagstæður um 77 millj. kr. á árinu 1972 á móti 35 millj. kr. óhagstæðum jöfnuði árið áður.

#### Fjármagnshreyfingar

Helztu liðir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, erlent einkafjármagn og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánum til eins árs og lengri tíma voru alls notaðar 4.692 millj. kr., þar af námu lántökur einkaaðila 800 millj. kr., að mestu leyti vegna skipa- og flugvélakaupa. Lántökur opinberra aðila, þ. e. ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og bæjar- og sveitarfélaga, námu samtals 2.845 millj. kr., þar af eru 1.320 millj. kr. andvirði 15 millj. dollara láns, sem boðið var út á Evrópudollaramarkaði í febrúar 1972, og rann andvirði þess til Landsvirkjunar, að mestu til greiðslu á skammtíamaskuldum vegna virkjunarframkvæmda. Lántökur lánastofnana námu 1.047 millj. kr., þar af 616 millj. kr. á vegum Framkvæmdasjóðs. Endurgreiðslur af föstum lánum námu alls 2.040 millj. kr., sem skiptast þannig, að endurgreiðslur af einkalánunum námu 950 millj. kr., af lánum opinberra aðila 805 millj. kr. og af lánum lánastofnana 285 millj. kr.

Samkvæmt þessum tölum, sem allar eru byggðar á bráðabirgðayfirliti, lækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 150 millj. kr., en opinber lán hækkuðu um 2.040 millj. kr., og lán lánastofnana hækkuðu um 762 millj. kr., þannig að heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hafa hækkað um 2.652 millj. kr. Árið áður nam samsvarandi aukning 2.936 millj. kr. Stutt vörukaupalán innflytjenda hækkuðu um 112 millj. kr. á árinu 1972 á móti 169 millj. kr. hækkun árið áður. Innkomið erlent áhættufjármagn til atvinnurekstrar nam á árinu 1972 820 millj. kr. vegna langtíma fjárfestingar, en vegna birgðalækkunar varð 540 millj. kr. útstreymi á skammtíma rekstrarfé, og nam því nettó-innstreymi erlends áhættufjármagns 240 millj. kr. Árið áður nam nettó-innstreymi áhættufjármagns 1.726 millj. kr., þar af 718 millj. kr. langtíma fjármagn til fjárfestingar. Í heild er fjármagnsjöfnuðurinn áætlaður hagstæður um 2.200 millj. kr. á árinu 1972 á móti rúmlega 5.200 millj. kr. árið 1971, en á því ári varð fjármagnsjöfnuður hagstæðari en á nokkru öðru ári á sl. 10 ára tímabili, eins og sjá má á línuriti um greiðslujöfnuð á 19. bls.

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit yfir helztu þætti greiðslujafnaðarins 1972, þar sem einnig eru tilgreindar tölur


## Heildar- greiðslujöfnuður

fyrir árin 1971 og 1970 til samanburðar. Varð heildargreiðslujöfnuður á árinu 1972 hagstæður um 667 millj. kr., eins og sjá má af yfirlitinu og því, sem sagt hefur verið hér að framan um hina einstöku þætti greiðslujafnaðarins.

### Greiðslujöfnuður við útlönd

(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

Vörur og þjónusta:	1970	1971	1972
Innflutningur .....	÷12.459	÷17.518	÷18.800
(Þar af vegna álbræðslu) ....	(÷ 934)	(÷ 1.376)	(÷ 1.554)
Útflutningur .....	+12.850	+13.178	+16.700
(Þar af ál) .....	(+ 1.708)	(+ 888)	(+ 2.716)
Vöruskiptajöfnuður .....	+ 391	÷ 4.340	÷ 2.100
Þjónustujöfnuður .....	+ 260	+ 480	+ 330
Viðskiptajöfnuður .....	+ 651	÷ 3.860	÷ 1.770
Framlög án endurgjalds, nettó ....	÷ 35	÷ 10	+ 20
Fjármagnshreyfingar:			
Erl. einkafj.magn til langs tíma	+ 395	+ 718	+ 820
til skamms tíma	—	+ 1.008	÷ 580
Lántökur einkaaðila, nettó ....	÷ 343	+ 1.390	÷ 150
Opinberar lántökur, nettó .....	÷ 127	+ 1.097	+ 2.040
Lántökur lánastofnana, nettó ..	÷ 251	+ 449	+ 762
Aðrar hreyfingar, nettó .....	+ 599	+ 545	÷ 690
Fjármagnsjöfnuður	+ 273	+ 5.207	+ 2.202
Sérstök dráttarréttindi .....	+ 222	+ 217	+ 215
Skekkjur og vantalið, nettó ....	+ 89	÷ 61	..
Heildargreiðslujöfnuður	+ 1.200	+ 1.493	+ 667



## Gjaldeyrisstaða

Á 4. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1968—1972, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit yfir greiðslujöfnuð 1971 og 1972. Bæði á árinu 1971 og 1972 varð viðskiptajöfnuður hagstæður á þriðja ársfjórðungi, en óhagstæður alla hina ársfjórðungana. Af 1.100 millj. kr. óhagstæðum jöfnuði á síðasta ársfjórðungi 1972 eru 560 millj. kr. vegna skipainnflutnings.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og ennfremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar á þessu yfirliti allar umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við 88,00 kr. stofngengi og eru því á sambærilegu gengi í lok þeirra þriggja ára, sem yfirlitið sýnir. Á 6. töflu aftast í skýrslunni er gjaldeyrisstaðan sýnd yfir lengra tímabil miðað við skráð gengi á hverjum tíma.

### Gjaldeyrisstaða bankanna

(Í millj. kr. á stofngengi 88,00 kr.)

Seðlabankinn:

Frjáls gjaldeyrir og gull:	1970	1971	1972
Eignir .....	4.727	6.034	7.342
Skuldir .....	1.067	680	1.254

Frjáls gjaldeyrir, nettó 3.660 5.354 6.088

Vöruskiptareikningar:

Eignir .....	12	18	22
Skuldir .....	89	203	82

Vöruskiptareikningar, nettó ÷ 77 ÷ 185 ÷ 60

Nettóstaða Seðlabankans 3.583 5.169 6.028

Viðskiptabankar:


Erlendar eignir .....	167	130	258
Erlendar skuldir .....	487	543	768

Samtals ÷ 320 ÷ 413 ÷ 510

Gjaldeyrisstaða bankanna:

Frjáls gjaldeyrir .....	3.340	4.941	5.578
Vöruskiptagjaldeyrir .....	÷ 77	÷ 185	÷ 60

Alls 3.263 4.756 5.518



#### Gengissveiflur erlendis

Í ársbyrjun 1972 var í þriðja sinn úthlutað sérstökum dráttarréttindum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og var hlutur Íslands nú jafngildi 215 millj. kr., en samtals hefur Ísland fengið úthlutað sérstökum dráttarréttindum að jafnvirði 654 millj. kr., þegar miðað er við 88,00 kr. stofngengi. Við úthlutun eru sérstöku dráttarréttindin tekin inn í gjaldeyrisstöðuna og hafa því bein áhrif á hana.

Á sviði gengismála einkenndist árið 1971 mjög af jafnvægisleysi á helztu gjaldeyrismörkuðum heims, einkum á síðari hluta ársins, þegar margar þjóðir yfirgáfu fast gengi og létu verð á gjaldmiðlum sínum ráðast af markaðsaðstæðum. Undir lok ársins 1971 náðist samkomulag um verulegar breytingar á gengishlutföllum ásamt hækkun gullverðs gagnvart dollar úr 35 dollurum í 38 dollara hver únsa af skíru gulli, en það svaraði til 8,57% hækkunar á gullverði gagnvart dollar, sem samsvarar 7,895% lækkun á dollar gagnvart gulli. Lögformlega staðfestingu hlaut þó þessi breyting á gengi dollars gagnvart gulli ekki fyrr en 8. maí 1972. Í kjölfar framangreinds samkomulags heimilaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn þátttökulöndum sínum að láta markaðsgengi gjaldmiðla sinna hreyfast 2,25% upp og niður fyrir fast stofngengi (par value) eða miðgengi (central rate) í stað 1% fráviks, sem áður gildi. Á árinu 1972 var ekki um að ræða neinar meiriháttar sveiflur á helztu gjaldmiðlum að undanskildu

**Áhrif gengisbreyt-  
inga erlendis á  
viðskiptakjör og með-  
algengi krónunnar**

sterlingspundi. Vegna mikils þrýstings á gengi sterlingspunds ákváðu Bretar hinn 23. júní að láta gengi pundsins ráðast af markaðsaðstæðum. Leiddi það brátt til nokkurrar lækkunar á gengi pundsins, og lækkaði gengi þess gagnvart dollar um 8% á árinu 1972. Að því er markaðsgengi helztu annarra gjaldmiðla snertir, var þróunin sú, að frá því að vera heldur neðan við miðgengi gagnvart dollar í byrjun ársins, hækkaði gengi þeirra smám saman lítið eitt upp fyrir miðgengi.

Þegar stórbjóðirnar höfðu náð samkomulagi í gjaldeyrismálum í desember 1971, ákváðu íslensk gjaldeyrisyfirvöld að halda gengi krónunnar gagnvart dollar óbreyttu með miðgenginu 88,00 krónum hver dollar og óbreytt frávik 1% upp og niður fyrir miðgengi, og var dollarinn skráður í lægri mörkum gagnvart krónu, kaupgengi 87,12 kr., sölugengi 87,42 kr. Formlega var svo gengið frá stofngengisbreytingu krónunnar gagnvart gulli 9. maí 1972, eða strax eftir formlega gengisbreytingu Bandaríkjadollars, og var þá gullinnihald krónunnar lækkað úr 0,0100985 grömmum af skíru gulli í 0,00930128 grömm, sem er 7,9% lækkun krónunnar gagnvart gulli.

Þær gengisbreytingar, sem orðið hafa erlendis frá því í maí 1971, hafa haft óhagstæð áhrif á viðskiptakjör Íslendinga, þar sem gengi á Bandaríkjadollar hefur lækkað gagnvart flestum öðrum gjaldmiðlum, þar eð útflutningur okkar til Bandaríkjanna hefur numið meira en þriðjungi af heildarútflutningi, en innflutningur þaðan hins vegar ekki nema um tíunda hluta af heildarinnflutningi. Hins vegar hefur gengi á gjaldmiðlum ýmissa landa, sem mikla hlutdeild eiga í innflutningi Íslendinga, hækkað verulega 1971. Enn óhagstæðari er útkoman, ef gjaldeyrisviðskipti eru tekin í heild, því að yfir 60% af öllum gjaldeyris-tekjum eru í dollurum, en aðeins rúm 25% af útgjöldum. Hefur því gengislækkun dollarans valdið mikilli rýrnun viðskiptakjara. Þannig hafði til dæmis gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu á tímabilinu frá 1. maí 1971 til 15. desember 1972 hækkað um 7,1%, ef gengisbreytingar eru vegnar með hlutdeild landa í innflutningi, en um 3,6%, ef gengisbreytingar eru vegnar með hlutdeild landa í útflutningi. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu, vegið með hlutdeild landa í innflutningi, var 6,4% hærra á árinu 1972 en 1971, en 4,0% hærra, ef vegið er með hlutdeild landa í útflutningi.

Á árinu 1972 var við vaxandi vanda að glíma í efnahagsmálum Íslendinga, eins og um er rætt í fyrsta kafla skýrslunnar, og kom hann m. a. fram í auknum viðskiptahalla við útlönd og versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna vegna aukinnar eftirspurnar innanlands og mjög ört hækkandi framleiðslukostnaðar.

**Gengisbreyting krónunnar í desember 1972**

Til þess að bæta hag útflutningsatvinnuveganna og draga úr viðskiptahalla við útlönd ákvað bankastjórn Seðlabankans með samþykki ríkisstjórnarinnar og að höfðu samráði við bankaráð að taka upp nýtt stofngengi íslenzkrar krónu, þar sem hver króna jafngildir 0,00830471 grammi af skíru gulli, og var þar um að ræða 10,7% lækkun krónunnar frá því gengi, sem í gildi hafði verið, en það svarar til 12% hækkunar á erlendum gjaldeyri gagnvart íslenzkri krónu. Samkvæmt þessu nýja stofngengi eru 98,56 krónur í hverjum bandarískum dollar. Hið nýja stofngengi tók gildi 19. desember 1972, og daginn eftir hófu bankarnir gjaldeyrisviðskipti á grundvelli þess. Jafnframt stofngengisbreytingu krónunnar var aflað lagaheimildar til þess, að frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi megi vera allt að 2,25% en það eru þau sveiflumörk, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn heimilar þátttökuríkjum sínum og flestar þjóðir miða nú við.

**Gengisskráning hér á landi**

Skráning Seðlabanka Íslands á gengi erlendra gjaldmiðla er með þeim hætti, að gengi á Bandaríkjadollar er fast, en gengi á öðrum frjálsum gjaldmiðlum, sem hér eru skráðir, hreyfist hins vegar eftir gengi viðkomandi gjaldmiðils gagnvart dollar. Frá ársbyrjun 1972 til 15. desember var kaup- og sölugengi á bandarískum dollar óbreytt, kaupgengi 87,12 kr. og sölugengi 87,42 kr., og hafði þá haldizt óbreytt frá 13. september 1971. Þegar skráning hófst að nýju 20. desember, eftir stofngengisbreytinguna, sem að ofan er getið, var kaupgengi dollars skráð 97,60 kr. og sölugengi 97,90 kr. Var því hið skráða gengi á dollar gagnvart krónu um 1% neðan við stofngengi.

Á 30. töflu er sýnt mánaðarlegt meðalgengi þeirra erlendu gjaldmiðla, sem Seðlabankinn skráir. Einnig er sýnt ársmeðalgengi sömu gjaldmiðla á árunum 1971 og 1972.

**Erlendur greiðslufrestur á vöruinnflutningi**

Frá 1. apríl 1972 var reglum um heimild til notkunar á erlendum greiðslufresti á innfluttum vörum breytt á þann veg, að heimild til notkunar á þriggja mánaða greiðslufresti var nokkuð þrengd, á þann hátt að heimild til greiðslufrests var afnumin á nokkrum vörutegundum, þar á meðal byggingarvörum. Þessi takmörkun þýddi, að hlutdeild vara, sem greiðslufrestur er leyfður á, lækkaði úr 83% í 70% af heildarinnflutningi miðað við innflutning á árinu 1970.

Stuttu fyrir árslok 1969 ákvað Efnahagsbandalag Evrópu (EEC) að gefa þremur af löndum Fríverzlunarsamtakanna (EFTA), Bretlandi, Danmörku og Noregi, svo og Írlandi, kost á að gerast aðilar að bandalaginu. Þessi lönd hafa nú, að Noregi undanskildum, fengið fulla aðild að bandalaginu frá 1. janúar 1973 að telja. Þau sex aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna, sem ósk-

**Fríverzlunarsamningur við Efnahagsbandalagið**

uðu ekki eftir að gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu, leituðu hins vegar eftir tolla- eða fríverzlunarsamningi við bandalagið. Könnunarviðræður leiddu til þess, að Efnahagsbandalagið bauð EFTA-löndunum sex að gera fríverzlunarsamning um iðnaðarvörur. Samningaviðræður leiddu til þess, að hinn 22. júlí 1972 var undirritaður fríverzlunarsamningur milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Auk iðnaðarvara nær samningurinn til flestra sjávarafurða, sem Íslendingar flytja út og tollur Efnahagsbandalagsins nær til. Nær samningurinn til um 70% af útflutningi Íslands til hins stækkaða bandalags, eins og hann var á árinu 1970. Samningurinn nær ekki til landbúnaðarafurða.

Samkvæmt samningnum verða tollar Efnahagsbandalagsins á iðnaðarvörum frá Íslandi afnumdir í fimm árlegum áföngum frá 1. apríl 1973 til 1. júlí 1977, nema áli, en á því verður tollur ekki að fullu felldur niður fyrr en 1. janúar 1980. Tollar af nokkrum þýðingarmiklum sjávarafurðum verða felldir niður í fimm árlegum áföngum frá 1. júlí 1973 til 1. júlí 1977. Tollur á ísfiski og heilfrystum fiski verður ekki að fullu afnuminn, en á að lækka í áföngum um 75% á tímabilinu 1. júlí 1973 til 1. janúar 1976. Þá eiga tollar af ýmsum niðurlögðum og niðursoðnum sjávarafurðum að lækka í áföngum um 50% á tímabilinu 1. júlí 1973 til 1. janúar 1977. Ákvæðin um sjávarafurðir ná eingöngu til útflutnings íslenskra sjávarafurða til Efnahagsbandalagsins, en ekki til innflutnings sömu afurða frá löndum Efnahagsbandalagsins. Í samningunum er fyrirvari af hálfu Efnahagsbandalagsins um, að ákvæðin varðandi sjávarafurðir komi ekki til framkvæmda, ef ekki næst viðunandi lausn fyrir aðildarríki bandalagsins á erfiðleikum, sem leiða af ráðstöfun Íslands varðandi fiskveiðiréttindi.

Íslendingum ber samkvæmt samningnum að fella niður verndartolla af iðnaðarvörum frá löndum Efnahagsbandalagsins. Á fyrsta tollalækkunin, 30%, að verða 1. apríl 1973, síðan eiga tollar að lækka árlega um 10% frá 1. janúar 1974 og vera að fullu afnumdir 1. janúar 1980. Vörur þær, sem samningurinn nær til, eiga ekki að vera háðar innflutningsleyfum. Þó er undantekning gerð, að því er varðar innflutning á olíum og benzíni vegna viðskipta Íslands við Sovétríkin.

Vöruskiptasamningur á jafnvirðis kaupagrundvelli við Sovétríkin var gerður seint á árinu 1971 og tók gildi 1. jan. 1972. Auk þess var í gildi á árinu samningur við Austur-Þýzkaland, sem byggður hefur verið á einkaviðskiptum, en nýr samningur var gerður milli Íslands og Austur-Þýzkalands, þar sem gert er ráð fyrir viðskiptum milli landanna í frjálsum gjaldeyri. Samningurinn var undirritaður 6. febrúar 1973 með gildistíma frá 1. janúar 1973.

**Aðrir viðskiptasamningar**

**Greiðslusamningur  
Evrópu**

Þá var einnig í gildi á fyrri hluta ársins 1972 vöruskiptasamningur á jafnvirðis kaupagrundvelli við Rúmeníu, en hinn 16. júní 1972 var undirritaður nýr samningur um viðskipti milli landanna með gildistöku frá undirskriftardegi. Gerir samningurinn ráð fyrir greiðslum í frjálsum gjaldeyri.

Viðskiptasamningar við Brasilíu, Pólland, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland voru í gildi óbreyttir á árinu, og auk þess voru í gildi almennir viðskiptasamningar við eftirtalin lönd: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgóslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Þýzkaland.

Á árinu var gerð veigamikil breyting á samvinnu þátttökuríkja Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) á sviði gjaldeyrismála. Allt frá árinu 1958 hafði verið í gildi samningur (European Monetary Agreement) um þessi mál, þar sem tveir meginþættirnir voru gagnkvæm gengistrygging á innstæðum seðlabanka þátttökuríkjanna og Evrópusjóðurinn.

Sjóður þessi var ætlaður til lánveitinga til þátttökuríkjanna til skamms og meðallangs tíma í því skyni að auðvelda þeim að komast yfir tímabundna greiðslujafnaðarerfiðleika. Hefur Ísland tvisvar notfært sér þetta og tekið lán hjá sjóðnum við slíkar aðstæður, 1960 og 1968.

Á undanförunum árum hafa aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verið skapaðir auknir möguleikar til að notfæra sér aðstoð þessa sjóðs með aukningu á kvótum aðildarríkjanna og sérstökum dráttarréttindum. Þetta leiddi til þess, að þörfin fyrir hið sérstaka hlutverk Evrópusjóðsins hefur minnkað mjög.

Umræður innan OECD á sl. ári leiddu til þess, að ákveðið var að leggja sjóðinn niður, og var samningurinn í heild felldur úr gildi frá og með árslokum 1972. Jafnframt voru gerðir nýir samningar milli seðlabanka flestra þátttökuríkja OECD um gagnkvæma gengistryggingu innstæðna að vissu marki og samvinnu á sviði gjaldeyrismála, og hefur Seðlabankinn gert slíka samninga við 12 banka.



## ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA

### Greiðsluafgangur

Greiðsluafgangur varð hjá ríkissjóði á árinu 1972, en um nokkurn halla var að ræða árið áður. Alls varð 117 millj. kr. greiðsluafgangur 1972, en 438 millj. kr. greiðsluhalli 1971. Tekjur 1972 urðu 18.530 millj. kr., en útgjöld 18.395 millj. kr. Rekstrarafgangur á rekstrargrunni var því 135 millj. kr. Greiðsluafgangur varð nokkru lægri, þar eð nettó-útstreymi lánahreyfinga nam 18 millj. kr., en föst lán ríkisins jukust um 622 millj. kr., lausaskuldir minnkuðu um 632 millj. kr., og lánveitingar að frádregnum afborgunum námu 8 millj. kr.

### Samanburður við fjárlög

Þannig hafa tekju- og eignarskattar farið 932 millj. kr. fram úr tölum fjárlaga vegna meiri tekjuaukningar skattþegna á árinu 1971 en ráð var fyrir gert við gerð fjárlaga. Óbeinir skattar fóru 627 millj. kr. fram úr áætlun. Vógu þar þyngst umframtekjur Á.T.V.R., 315 millj. kr., en útsöluverð áfengis og tóbaks var hækkað snemma á árinu og svo aftur í desember sl. Ennfremur var tekið upp sérstakt innflutningsgjald á bifreiðar og bifhjól hinn 4. apríl 1972, sem skilaði 216 millj. kr. í ríkissjóð á árinu. Að öðru leyti stóðust óbeinir skattar áætlun að mestu.

Á fjárlögum voru ríkisútgjöld áætluð 16.550 millj. kr., en í reynd urðu þau 18.395 millj. kr. eða 1.845 millj. kr. umfram fjárlög. Útgjöld vegna samgöngumála fóru 650 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga, og stafar frávik þetta nær eingöngu af útgjöldum vegagerðar umfram fjárlög. Þannig námu útgjöld samkvæmt vegaáætlun 458 millj. kr., en þau eru fjármögnuð með innlendum eða erlendum lántökum og koma ekki inn á fjárlög. Auk þess hækkaði ríkissjóður framlag sitt til vegamála úr 100 millj. kr. í 200 millj. kr. á árinu.

Niðurgreiðslur fóru einnig verulega fram úr áætlun eða 496 millj. kr., en til þess liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi var horfið frá að draga úr niðurgreiðslum snemma á árinu, eins og áætlað var á fjárlögum; í öðru lagi varð mikil aukning á niðurgreiðslum vegna bráðabirgðalaganna frá 11. júlí sl. um tíma- bundnar efnahagsráðstafanir; loks varð neyzluaukning meiri

en reiknað hafði verið með í upphaflegri áætlun. Í heild er áætlað, að auknar niðurgreiðslur og fjölskyldubætur, sem af bráðabirgðalögunum leiddi, hafi numið um 350 millj. kr. til áramóta, en til mótvægis var jafnframt ákveðið með sömu lögum að draga úr ýmsum ríkisútgjöldum, og reyndist kleift að minnka útgjöld um 270 millj. kr. samkvæmt þessum ráðstöfunum. Vaxtaútgjöld hafa hins vegar farið 238 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga.

Útgjöld vegna mennta-, menningar- og kirkjumála voru 137 millj. kr. hærri en á fjárlögum, en útgjöld til velferðarmála, þ. m. t. tryggingamál, húnæðismál og ýmis félagsmál, hafa í reynd orðið 62 millj. kr. undir áætlun þrátt fyrir auknar tryggingabætur.

#### Samanburður við 1971


Samanburður ríkisútgjalda 1972 og útgjalda á ríkisreikningi 1971 sýnir tæplega 36% hækkun í krónutölu, og við það hækkar hlutfall ríkisútgjalda af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu úr 25,4% í 28,3% árið 1972. Við þennan samanburð er það hins vegar að athuga, að á árinu komu til framkvæmda ný lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga, og mun ríkið hafa tekið á sig um 900 millj. kr. af byrði sveitarfélaga. Sé þessi upphæð dregin frá ríkisútgjöldum 1972, fæst réttlátari samanburður við árið á undan. Þannig reiknuð nemur útgjaldaaukningin 29,3%, og hlutfall ríkisútgjalda af vergri þjóðarframleiðslu verður 26,9%, sem er hækkun um 1,5 prósentustig frá fyrra ári.

#### Yfirlit yfir fjármál ríkisins

(Á rekstrargrunni)

Í millj. kr.	1971	1972
1 Tekjur alls .....	13.258	18.530
2 Gjöld alls .....	13.534	18.395
3 Tekjur umfram gjöld (+) = fjármagnssparnaður ..	÷276	135
4 Lánveitingar, nettó .....	÷162	÷ 8
5 Fjármagn til ráðstöfunar/fjármagnspörf (÷) .....	÷438	127
Fjármögnun:		
6 Lántökur, nettó .....	430	622
7 Lausaskuldir, nettó .....	÷134	÷632
8 Greiðsluafgangur/halli (÷) .....	÷142	117
81 Þar af staðan gagnvart Seðlabankanum .....	÷208	58


Hlutfallsleg hækkun útgjalda varð mest vegna orkuvinnslu (80%), velferðarmála (60%) og vegna almennrar stjórnunar og löggæzlu (56%). Útgjöld til velferðarmála hækkuðu meðal annars vegna þess, að framlög til tryggingamála voru stóráukin sökum mikillar aukningar bóta, sem ákveðnar höfðu verið í lögum, og einnig vegna tilfærslu frá bæjar- og sveitarfélögum til ríkisins. Tilfærsla á löggæzlu frá sveitarfélögum til ríkisins var



áætluð að kosta 172 millj. kr. á árinu og hefur vegið þungt á metunum í hækkun útgjalda til almennrar stjórnunar og lög-gæzlu. Af öðrum liðum, sem hækkuðu mikið frá 1971, má nefna samgöngumál (31%) og mennta-, menningar- og kirkjumál (29%). Útgjöld vegna landbúnaðarmála stóðu í stað, enda þótt flest framlög til landbúnaðar hafi hækkað, þar sem uppbætur á landbúnaðarafurðir til útflutnings lækkuðu töluvert að verðmæti vegna minni útflutnings og herra afurðaverðs erlendis. Álagðar tekjur ríkisins 1972 eru um 40% hærri en árið áður. Sé einnig tekið tillit til tekjustofnsbreytinga, sem stöfuðu af tilfærslu útgjaldaflokka frá bæjar- og sveitarfélögum til ríkisins, og tekjur 1972 lækkaðar um 900 millj. kr., verður hækkunin árið 1972 33%. Tekju- og eignarskattar hækkuðu mjög verulega á árinu eða um 193%, en þá ber að hafa í huga, að persónu-skattar til almannatrygginga voru lagðir niður. Óbeinir skattar hækkuðu einnig mikið eða um tæp 26%. Engu að síður, vegna hinnar miklu hækkunar beinna skatta, lækkaði hlutfallstala óbeinna skatta í ríkistekjunum úr 80% 1971 í 72% 1972. Samt er þetta hlutfall herra en hjá flestum ef ekki öllum meðlima- ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

#### Greiðslugrunnur


Upplýsingar þær um tekjur og gjöld ríkisins, sem að framan greinir, eru eingöngu miðaðar við rekstrargrunn og sýna álagð- ar tekjur auk útgjalda, sem til var stofnað, án tillits til þess, hvort greiðsla hafi farið fram. Tekjur og gjöld ríkisins á greiðslu- grunnni, þ. e. innheimtar tekjur og raunverulegar greiðslur, gefa nokkuð aðra mynd. Á greiðslugrunni námu tekjur 17.834 millj. kr., en útgjöld 18.216 millj. kr., og hefur því orðið 382 milj. kr. rekstrarhalli. Þannig eru tekjur 696 millj. kr. lægri en á rekstr- argrunni, og munar þar mest um óinnheimtan tekjuskatt, 674



millj. kr. Á greiðslugrunni eru gjöld hins vegar aðeins 179 millj. kr. lægri en á rekstrargrunni. Greiðsluafkoma er, sem vænta má, hin sama á hvorum tveggja grunni, þar sem hún er jöfn stöðubreytingunni gagnvart Seðlabankanum að viðlagðri hreyfingu bankainnstæðna og sjóðs. Mismunurinn kemur hins vegar fram í breytingu lausaskulda, en þær minnkuðu um 632 millj. kr. á rekstrargrunni, en um 115 millj. kr. á greiðslugrunni.

#### Árstíðasveiflan

Greiðsluflæði ríkissjóðs er mjög árstíðabundið. Þó dreifast gjöld nokkuð jafnt á árið, en eru samt heldur þyngri seinni hluta árs. Árið 1972 voru t. d. 23,6% gjalda ársins greidd á fyrsta ársfjórðungi, en 27,5% á fjórða ársfjórðungi samkvæmt mánaðarlegu greiðslufirliti ríkisbókhalds. Sé gjaldaústreymi árána 1972 og 1971 borið saman, kemur í ljós, að það var hlutfallslega mjög svipað bæði árin. Í lok annars ársfjórðungs 1972 höfðu t. d. 46,9% gjalda ársins verið greidd, en 46,8% árið áður. Tekjuinnstreymi er að jafnaði hlutfallslega lítið fyrri hluta árs, en eykst, er á árið líður, og nær hámarki í desember. Innheimta tekna gekk nokkru hægar fyrri hluta 1972 heldur en árið áður. Í lok annars ársfjórðungs höfðu t. d. 38,9% tekna komið inn, en 42,6% 1971. Í samræmi við ofangreinda árstíðasveiflu ríkisfjármála varð mikill rekstrarhalli hjá ríkissjóði fyrri hluta 1972 og þá sérstaklega fyrsta ársfjórðung. Alls var rekstrarhallinn á fyrstu sex mánuðum 1.378 millj. kr. eða 862 millj. kr. meira en á sama tímabili 1971. Skuldasöfnunin varð hins vegar enn meiri eða 1.816 millj. kr., þar eð lánajöfnuður ríkissjóðs reyndist einnig verulega óhagstæður þessa mánuði. Þess skal getið, að á öðrum ársfjórðungi 1972 gaf ríkissjóður út ríkis-



### Greiðsluafkoma

víxla í fyrsta sinn, alls að upphæð 300 millj. kr. Seðlabankinn keypti ríkisvíxlana, en hafði endurselt innlánsstofnunum 22 millj. kr. í júnílok. Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnaði þannig um nær helmingi hærrí upphæð á fyrri hluta 1972 heldur en árið áður, er hún rýrnaði um tæpar 1.000 millj. kr.

Síðari hluta árs 1972 snerist þróun ríkisfjármála til hins betra, sem að venju. Þess má geta, að í september 1972 kom til framkvæmda flýttir á innheimtu söluskatts um einn mánuð, en hann er nú innheimtur mánaðarlega. Á árinu var því innheimtur söluskattur fyrir þrettán mánuði miðað við 1971, og færði það 300—400 millj. kr. meiri tekjur en ella, sem bætti greiðsluafkomu ríkissjóðs 1972 að sama skapi. Árið 1971 var söluskattur innheimtur á tveggja mánaða fresti, en árið áður hafði skilátímabil innheimtuaðila verið stýtt úr þremur mánuðum í tvo. Eigi að síður varð rekstrarhalli 382 millj. kr. fyrir árið í heild, sem fyrr segir, ef miðað er við greiðslugrunn, þannig að rekstrarafgangur hefur samkvæmt því orðið 996 millj. kr. seinni helming ársins. Á rekstrargrunni urðu tekjur umfram gjöld hins vegar 135 millj. kr., og sé einnig tekið tillit til lánveitinga ríkissjóðs, þó að frádregnum endurgreiðslum á fyrri lánveitingum, nam fjármagn til ráðstöfunar 135 millj. kr. Árið 1971 voru nettó-lánveitingar ríkissjóðs hins vegar mun meiri eða 162 millj. kr., þannig að um var að ræða fjármagnspörf ríkissjóðs á árinu, alls 438 millj. kr.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs varð hins vegar lítið eitt minni en fjármagni til ráðstöfunar nam eða 117 millj. kr., þar eð nettó-lántökur ríkissjóðs á árinu urðu 622 millj. kr., en á móti þessu fjármagnsinnstreymi vó 632 millj. kr. lækkun lausaskulda. Árið 1971 hafði hins vegar orðið um 142 millj. kr. greiðsluhalli, þannig að alls batnaði greiðsluafkoma ríkissjóðs um 259 millj. kr. árið 1972 miðað við árið 1971.

Staða ríkissjóðs við Seðlabankann batnaði um tæpar 1.900 millj. kr. á síðari hluta 1972, þannig að fyrir árið í heild bætti ríkissjóður stöðu sína um 58 millj. kr., en árið 1971 hafði staðan versnað um 208 millj. kr. Hér skal á það bent, að samkvæmt skilgreiningu Seðlabankans er heildarstaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, þar með talin verðbréfaskuld, hluti af greiðslustöðu ríkissjóðs auk bankainnstæðna og sjóðs. Þannig tók ríkissjóður að láni 1.000 millj. kr. í október 1972 hjá Seðlabankanum í því skyni að jafna árstíðasveiflur á fjárþörf ríkissjóðs. Lán þetta hafði þó engin áhrif á heildarstöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, þar sem verðbréfaskuldir ríkissjóðs hækkuðu að sama skapi og andvirði lánsins var notað til að lækka yfirdrátt á viðskiptareikningi.

## ÞRÓUN PENINGAMÁLA


### Aukning peningamagns og handbærs fjár

Heldur dró úr peningabenslunni á árinu 1972, annað árið í röð. Peningamagn í umferð, þ. e. seðlar, mynt og veltiinnstæður, jókst alls um tæp 17% borið saman við 17,2% aukningu 1971 og 21,4% árið þar á undan. Rýrnun peningabenslunnar verður þó enn ljósari, ef mið er tekið af þróun handbærs fjár annarra en ríkissjóðs og ríkisstofnana, þ. e. samtölu peningamagns og spariinnstæðna. Þannig jókst handbært fé um 16,6% á sl. ári, en hafði aukizt um tæp 19% árið 1971 og 23% árið 1970.

### Áhrif peningabenslu

Áhrifa minnkandi peningabenslu gætti einkum í vaxandi lausafjárerfiðleikum banka og fyrirtækja. Eftirspurn eftir lánsfé hélzt verulega umfram framboð, enda takmarkaðist útlánageta innlánsstofnana af þröngri og versnandi lausafjárstöðu, þó að útlánaaukning þeirra hafi orðið meiri en að var stefnt. Vaxandi lausafjár- og lánsfjárskort fyrirtækja og einstaklinga mátti einnig merkja af breytingu handbærs fjármagns, þ. e. af breytingu peningamagns og spariinnstæðna. Þannig lækkaði hlutfall handbærs fjármagns (meðaltal) af vergri þjóðarframleiðslu, reiknað á verðlagi hvers árs, mjög verulega eða úr 39,1% árið 1971 í 37,6% á sl. ári. Þetta hlutfall var að meðaltali um 41% árin 1960—1970, en varð hæst 44% árin 1962—1963 og lægst 39,3% árið 1966.

Þrátt fyrir hægari vöxt verður peningabensla sl. árs að teljast of mikil, þegar hliðsjón er höfð af ríkjandi umframeftirspurn og framleiðslumöguleikum þjóðarinnar. Nú er áætlað, að verg þjóðarframleiðsla 1972 hafi aukizt að magni um 6% og rösk 22% að verðmæti. Peningamagn og handbært fé jókst hins vegar hvort tveggja um nær 17% eða rösk 10% umfram magnaukningu þjóðarframleiðslunnar, sem hlaut að stuðla að umframeftirspurn eftir vörum, þjónustu og vinnuafli, þar eð mikil fylgni er að öðru jöfnu með þróun peningamála og þjóðarframleiðslu. Á það er hins vegar að líta, þegar mat er lagt á þróun



peningamála á árinu 1972, að peningþenslan varð röskum 5% minni en vöxtur þjóðarframleiðslunnar að verðmæti, sem jók á aðhald eftirspurnar frá fyrra ári. Einnig verður að hafa í huga þær miklu kostnaðarhækkanir, sem urðu á árinu, og vaxandi lausafjárerfiðleika og lánsfjáreftirspurn, er af þeim leiddi.

**Orsakir peningþenslu** Eins og á árinu 1971 var útlánaaukning bankakerfisins helzta orsök peningþenslunnar, en gjaldeyriskaup umfram sölu höfðu einnig nokkur áhrif. Meðfylgjandi tafla sýnir, að peningþenslan 1972 stafaði að nær níu tíundu hlutum af aukningu útlána og einum tíunda af nettó-gjaldeyriskaupum, en hlutföllin voru fjórir fimmtu og einn fimmti árið áður. Þannig jukust innlendar eignir bankakerfisins nettó um tæpar 3.200 millj. kr. eða 14,3%, en höfðu aukizt um rösk 17% árið 1971. Gjaldeyriskaup umfram sölu námu tæpum 500 millj. kr. eða um 170 millj. kr. minna en 1971, sem endurspeglar versnandi greiðslujafnaðarstöðu við útlönd.

*Úr reikningum bankakerfisins<sup>1</sup>*  
(Hreyfingar nettó)

		<i>Framlag þátta til breytinga á handbæru fé</i>			
		<i>Í millj. kr.</i>		<i>Í hundradshl.<sup>3</sup></i>	
		<i>1971</i>	<i>1972<sup>2</sup></i>	<i>1971</i>	<i>1972</i>
1	Erlendar eignir nettó <sup>4</sup> .....	668	492	3,6	2,2
2	Innlendar eignir nettó .....	2.874	3.197	15,3	14,4
2.1	Útlán Seðlabanka .....	÷ 108	÷ 302	÷ 0,6	÷ 1,4
2.2	Útlán innlánsstofnana .....	3.532	3.819	18,8	17,1
2.3	Endurlánað erlent lánsfé .....	529	39	2,8	0,2
2.4	Sjóðir í opinberri vörzlu .....	÷ 943	÷ 55	÷ 5,0	÷ 0,2
2.5	Eigið fé o. fl. ....	÷ 136	÷ 304	÷ 0,7	÷ 1,3
3	Eignir alls = handbært fé .....	3.542	3.689	18,9	16,6
		(1+2=4+5)			
4	Peningamagn .....	902	1.037	4,8	4,6
5	Sparifé <sup>5</sup> .....	2.640	2.652	14,1	12,0

<sup>1</sup> Seðlabankinn og innlánsstofnanir, þ. e. viðskiptabankar, sparisjóðir og innlánsdeildir kaupfélaga.

<sup>2</sup> Bókhaldshækkun v/gengisbreytinga ekki talin með.

<sup>3</sup> Breyting hvers þátta í % af almennri lausafjárstöðu, þ. e. samtölu peningamagns og sparifjár, í upphafi árs.

<sup>4</sup> Úthlutun sérstakra dráttarréttinda ekki talin með.

<sup>5</sup> Geymslufé v/innflutnings talið með.

**Peningaþenslan  
fyrri hluta árs**

Eins og á undanförunum árum varð peningaþenslan mest fyrri hluta árs, en úr henni dró seinni hlutann, sérstaklega á síðasta ársfjórðungnum. Þessi árstíðasveifla peningamagns og handbærs fjár fylgir mjög náíð árstíðabundinni fjárþörf ríkissjóðs og sjávarútvegs, sem hvort tveggja er fjármagnað að verulegu leyti af Seðlabankanum á fyrri hluta hvers árs. Þannig jukust innlendar eignir bankakerfisins alls um tæpar 3.000 millj. kr. á fyrri hluta 1972, nær 1.100 millj. kr. meira en á sama tíma 1971. Peningaþenslan varð þó minni en vænta mátti vegna samdráttaráhrifa gjaldeyrisviðskipta, en gjaldeyrissala umfram kaup nam 520 millj. kr. borið saman við 434 milljónir kr. nettó gjaldeyriskaup á fyrri hluta ársins 1971.

**Peningaþenslan  
seinni hluta árs**

Verulega dró úr peningaþenslunni seinni hluta ársins 1972 sem að venju, þegar fjárhagsstaða ríkissjóðs batnar og endurkaup Seðlabankans vegna sjávarútvegs dragast saman. Innlendar eignir bankakerfisins jukust enn um rúmar 200 millj. kr. eða röskan fimmtung þeirrar aukningar, sem varð á sama tíma 1971. Gjald-eyriskaup umfram sölu jukust hins vegar mjög verulega eða um röskar 1.000 millj. kr. (234 millj. kr. árið 1971), en um miklar erlendar lántökur var að ræða.

Stefna Seðlabankans á árinu 1972 mótaðist af aðhaldi í peninga-



### **Stefna Seðlabankans í peningamálum**

málum, enda þótt peningaúttreymi bankans hafi í reynd orðið nokkru meira en árið áður. Hagstæð greiðsluafkoma ríkissjóðs og ríkisstofnana séð yfir árið í heild samfara erfiðri lausafjárstöðu banka og versnandi greiðslujafnaðarstöðu gagnvart útlöndum stuðlaði að auknu peningalegu aðhaldi á árinu 1972. Á hinn bóginn var það þyngra á metunum, að nú gætti ekki sterkra gagnverkandi áhrifa innstæðuaukningar sjóða (aðallega Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins) í vörzlu Seðlabankans, en árið 1971 höfðu innstæður þessara aðila vaxið um nær 1.000 millj. kr. borið saman við einungis 55 millj. kr. aukningu 1972.


### **Útlánamarkmið**

Snemma á árinu gerði Seðlabankinn samkomulag við viðskiptabankana um takmörkun útlánaaukningar. Var þá að því stefnt, að bankarnir ykju ekki útlán sín um meira en 14—16% á árinu 1972. Í reynd jukust útlán þeirra um rösk 20%, en nánar verður gerð grein fyrir útlánnum innlánsstofnana síðar í þessum kafla. Útlánaaukning viðskiptabanka umfram markmið 1972 varð því um 5—6% eða 720—1.050 millj. kr. Þótt útkoman hafi þannig orðið mun verri en að var stefnt, var hún samt mun betri en árið 1971, er útlánaaukning bankanna umfram markmið nam 10%. Engu að síður, þegar horft er um öxl til reynslu síðustu þriggja ára, verður vart hjá því komizt að draga í efa gagnsemi slíks útlánasamkomulags sem hagstjórnartækis.

### **Aðrar peninga- aðgerðir**

Í ársbyrjun 1972 voru vextir af almennum innstæðum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum hækkaðir um 1%, og vextir af bundnum innstæðum voru hækkaðir um ¼%. Var þetta liður í viðleitni Seðlabankans til þess að bæta rekstrarhag banka og gert til þess að auðvelda þeim aðlögun að umsómdu útlánamarkmiði. Útgáfa og sala ríkisvixla til innlánsstofnana, sem hófst í byrjun maí sl., hafði einnig tvíþættan tilgang: annars vegar að skapa bönkum og sparisjóðum aukna möguleika ábatasamrar ávöxtunar, en hins vegar að takmarka peningasköpun Seðlabankans að sama skapi og ríkisvixlar væru keyptir af innlánsstofnunum, því að ella myndi Seðlabankinn hafa orðið að mæta þeirri fjárförf ríkissjóðs. Með þessari útgáfu ríkisvixla var í fyrsta sinn hér á landi reynt nýtt hagstjórnartæki, sem vonandi á eftir að reynast gagnlegt í stjórn peningamála. Auk ofangreindra peningamálaaðgerða beitti Seðlabankinn sér í samráði við Viðskiptaráðuneytið fyrir frekari takmörkun á notkun erlendra vörukaupalána. Einnig var endurkaupahlutfall Seðlabankans vegna sjávarafurða hækkað úr 55% í 58,5% frá ársbyrjun 1972, þannig að lán til framleiðenda að meðöldum viðbótarlánnum viðskiptabanka námu um 75% af framleiðsluverðmæti sjávarafurða á sl. ári. Þessa aðgerð, sem var þenslumyndandi í reynd, taldi

**Peningasköpun  
Seðlabankans**



ríkisstjórnin nauðsynlega til stuðnings við sjávarútveginn vegna vaxandi rekstrarfjárþarfar. Í nóvember sl. var endurkaupahlutfall Seðlabankans vegna útfluttra landbúnaðarafurða og iðnaðarvara einnig hækkað úr 55% í 58,5%. Endurkaupahlutfall vegna framleiðslu, sem fer á innlendan markað, var óbreytt, 55% á árinu.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu, jókst heildarústreymi fjár hjá Seðlabankanum alls um nálægt 21% eða 1.345 millj. kr. á sl. ári, en hafði aukizt um 846 millj. kr. eða tæp 15% árið 1971. Sem oft áður vógu nettó-gjaldeyriskaup Seðlabankans þyngst í peningasköpuninni eða allt að þremur fimmtu hlutum. Árið 1971 má hins vegar rekja peningasköpunina eingöngu til erlendar eignaaukningar, þar eð innlendar eignir Seðlabankans nettó (þ. e. að frádrögnum innstæðum sjóða í vörzlu bankans og eigin fé) drógust lítið eitt saman á því ári.

*Úr reikningum Seðlabankans*

(Hreyfingar nettó)

*Framlag þátta til breytinga á peningasköpun Seðlabankans*

	Í millj. kr.		Í hundraðshl. <sup>2</sup>	
	1971	1971 <sup>1</sup>	1971	1972
1 Erlendar eignir, nettó <sup>3</sup> . . . . .	+889	+ 765	+15,7	+11,7
2 Innlendar eignir, nettó . . . . .	÷ 43	+ 584	÷ 0,8	+ 8,9
2.1 Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó . . . . .	÷ 12	÷ 283	÷ 0,2	÷ 4,3
2.11 Ríkissjóður . . . . .	+140	÷ 93	+ 2,5	÷ 1,4
2.12 Ríkisstofnanir . . . . .	÷152	÷ 190	÷ 2,7	÷ 2,9
2.2 Kröfur á fjárfestingarlánasj. . . . .	+369	+ 295	+ 6,5	+ 4,5
2.3 Kröfur á innlánsstofnanir . . . . .	+827	+1.091	+14,5	+16,7
2.31 Endurkaup . . . . .	+309	+ 637	+ 5,4	+ 9,8
2.32 Verðbréf . . . . .	+ 18	+ 22	+ 0,3	+ 0,3
2.33 Lausaskuldir . . . . .	+500	+ 432	+ 8,8	+ 6,6
2.4 Kröfur á aðra aðila . . . . .	÷ 53	÷ 528	÷ 0,9	÷ 8,1
2.5 Sjóðir í opinberri vörzlu <sup>4</sup> . . . . .	÷943	÷ 55	÷16,6	÷ 0,8
2.6 Eigið fé o. fl. <sup>4</sup> . . . . .	÷231	+ 64	÷ 4,1	+ 0,9
3 Eignabreyting=peningasköpun (1+2=4+5+6)	+846	+1.349	+14,9	+20,6
4 Innst. og sjóður innlánsstofn. . . . .	+656	+1.085	+11,6	+16,6
4.1 Bundnar innstæður <sup>5</sup> . . . . .	+687	+ 702	+12,1	+10,7
4.2 Veltufjármunir . . . . .	÷ 31	+ 383	÷ 0,5	+ 5,9
5 Seðlar og mynt í umferð . . . . .	+299	+ 408	+ 5,3	+ 6,4
6 Innstæður fjárfestingarlánasjóða . . . . .	÷110	÷ 144	÷ 2,0	÷ 2,2


<sup>1</sup> Bókhaldshækkunir vegna breytinga á gengi ísl. kr. eru ekki taldar með.

<sup>2</sup> Breyting hvers þátta í % af samtölu peningasköpunar við lok fyrra árs.

<sup>3</sup> Úthlutun sérstakra dráttarréttinda ekki talin með.

<sup>4</sup> Mínusmerki (÷) táknar innstæðuaukningu; eiginfjárukning.

<sup>5</sup> Innstæður á uppsagnarreikningum taldar með.




### Fjárförf ríkissjóðs

Alls jukust innlendar eignir bankans nettó um tæpar 600 millj. kr., en höfðu minnkað um röskar 40 millj. kr. árið 1971. Staðaði eignarýrnunin það árið nær eingöngu af mikilli sjóðsmyndun hjá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Eins og áður greinir jukust innstæður sjóða í vörzlu Seðlabankans (þ. e. Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, Aflatryggingarsjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga o. fl.) um 943 millj. kr. á árinu 1971, en ekki nema um 55 millj. kr. á sl. ári. Slík innstæðumyndun hjá Seðlabankanum hefur mikil áhrif á peningaþenslu í landinu, þar eð hún felur í sér innstreymi fjár til Seðlabankans og samdrátt peningamagns og handbærs fjár almennt. Þessarar gagnvirkni gætti hins vegar í mjög litlum mæli á árinu 1972. Þó var um nokkra sjóðsmyndun þessara aðila að ræða á fyrri hluta ársins, sem snerist við á seinni hlutanum.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði um tæpar 300 millj. kr. árið 1972 í heild, þó að um mikla árstíðasveiflu hafi verið að ræða að venju. Um áramótin 1971/1972 var staðan hins vegar nær óbreytt frá fyrri áramótum. Sé litið á viðskipti ríkissjóðs og Seðlabankans sérstaklega, sem í reynd svara til viðskipta allra þeirra aðila, er falla undir A-hluta fjárlaga, kemur í ljós, að ríkissjóður hefur bætt stöðu sína gagnvart Seðlabankanum um tæpar 100 millj. kr. á árinu 1972, en árið áður hafði staðan versnað um 140 millj. kr.

Í samræmi við árstíðafjárförf ríkissjóðs fór staða hans versnandi fram til júliloka og hafði þá rýrnað alls um 1.920 millj. kr. eða um upphæð, sem svarar til 10,4% af heildarútgjöldum ríkisins á árinu 1972. Hér var um svipaða þróun að ræða og árið áður og reyndar fyrri ár. Hins vegar var sveiflan í fjárförf ríkissjóðs 1972 mun meiri en árið áður, en þá varð hlutfall skuldaaukningar (janúar—júli) og ríkisútgjalda um 8% (1.085 millj. kr.) eða 2,4% minni en 1972. Sveiflan í fjárförf ríkissjóðs 1972 varð þannig mun meiri en útskýrt verður með árstíðasveiflu einni saman. Á seinustu fimm mánuðum ársins snerist sveiflan við, og ríkissjóður bætti stöðu sína við Seðlabankann um rétt röskar 2.000 millj. kr. Tvær meginástæður virðast liggja að baki þessari auknu sveiflu í fjárförf ríkissjóðs: Í fyrsta lagi varð veruleg aukning á hlutdeild tekju- og eignarskatta í heildartekjum ríkisins, sem rekja má til breyttrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, en innheimta tekju- og eignarskatts fellur ávallt miklu þyngra á síðari árshefning. Í öðru lagi var innheimtu söluskatts flýtt úr tveim mánuðum í einn mánuð, og kom það einnig til framkvæmda á síðari árshefningi 1972, en við þá breytingu innheimtust þrettán söluskattsmánuðir í stað tólf. Þessi þróun ríkisfjármála leiddi það af



sér m. a., að meðalskuld ríkissjóðs við Seðlabankann, reiknuð sem hlutfall af ríkisútgjöldum alls, hækkaði úr 5,5% árið 1971 í tæp 7% á sl. ári.

#### Útgáfa ríkisvixla

Eins og gerð hefur verið grein fyrir áður, gaf ríkissjóður út í fyrsta skipti ríkisvixla í byrjun maí 1972 að upphæð 300 millj. kr. með gjalddaga í árslok. Seðlabankinn keypti þessa vixla með endursölu til innlánsstofnana að markmiði. Ekki verður sagt, að innlánsstofnanir hafi sýnt þeim mikinn áhuga, þrátt fyrir hagstæð ávöxtunarskilyrði, enda um nýmæli að ræða. Áformað er að halda áfram útgáfu ríkisvixla, en gera má ráð fyrir, að það geti tekið nokkur ár að venja innlánsstofnanir við þetta nýja ávöxtunarform. Jafnframt kæmi einnig til greina síðar meir að selja slíka vixla til almennings, svo sem gert er víða erlendis.

Staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum batnaði um tæpar 100 millj. kr. á árinu sem áður greinir. Kom sá bati fram í um það bil 1.000 millj. kr. innstæðuaukningu á viðskiptareikningi, en á móti jukust verðbrefaskuldir um röskar 900 millj. kr. Munaði

þar mest um 1.000 millj. kr. lántöku hjá Seðlabankanum í október sl., sem tekin var í þeim tilgangi að skapa aukið rekstrar-  
svigrúm hjá ríkissjóði, en lánið á að endurgreiða á árunum 1973—1976.

#### Lán Seðlabanka til annarra

Lán Seðlabankans til fjárfestingarlánasjóða jukust um tæpar 300 millj. kr., fyrst og fremst til Fiskveiðasjóðs, en höfðu aukizt um 370 millj. kr. árið 1971. Lán til opinberra fyrirtækja og sveitarfélaga drógust hins vegar saman um tæpar 530 millj. kr. á árinu 1972, en höfðu minnkað um 50 millj. kr. árið áður. Stafaði þessi samdráttur nær eingöngu af endurgreiðslu Landsvirkjunar á skammtíma fyrirgreiðslu Seðlabankans frá fyrra ári. Lán Seðlabankans til innlánsstofnana jukust um tæpar 1.100 millj. kr. eða tæplega 300 millj. kr. meira en 1971. Þessi umframaukning stafaði eingöngu af auknum endurkaupum, aðallega vegna landbúnaðar, en að nokkru vegna aukinna endurkaupa frá iðnaði. Alls jukust endurkaup um 637 millj. kr. eða um rösklega helmingi meira en 1971; endurkaup vegna landbúnaðar jukust um 341 millj. kr. (34 millj. kr. 1971), sjávarútvegs 206 millj. kr. (205 millj. kr.) og iðnaðar 83 millj. kr. (27 millj. kr.). Lausaskuldir innlánsstofnana, þ. e. yfirdráttur og lán til skamms tíma, námu um 1.030 millj. kr. í árslok 1972, eftir að hafa aukizt um 430 millj. kr. á árinu og 500 millj. kr. árið 1971.

#### Lausafjárþróun innlánsstofnana

Verður nú næst vikið að þróun lausafjármyndunar innlánsstofnana. Eins og meðfylgjandi tafla sýnir, rýrnaði lausafjárstaða innlánsstofnana enn um nær 200 millj. kr. á árinu 1972 og hafði þá rýrnað alls um tæpar 1.200 millj. kr. á sl. þremur árum. Var lausafjárstaða innlánsstofnana orðin neikvæð um 836 millj. kr. (þ. e. lausaskuldir umfram lausaeignir) í árslok 1972, sem var svipuð staða og við lok samdráttaráranna 1967—1968, en lausafjárstaðan hafði batnað um tæpar 1.200 millj. kr. 1969.

#### Lausafjármyndun

Eins og kunnugt er, mótast lausafjármyndun hjá innlánsstofnunum öðru fremur af eignabreytingum Seðlabankans og þá sérstaklega af breyttri stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart bankanum og breytingum á endurkaupum afurðavíxla, en einnig og oft í mjög ríkum mæli af erlendum eignabreytingum. Sterkrar árstíðasveiflu gætir yfirleitt í ofangreindum eignaliðum, þannig að þróun lausafjárstöðu innlánsstofnana innan hvers árs mótast mjög af breytingum þessara eigna, en litillar ártíðasveiflu gætir í heild á þeim gagnverkandi þáttum, sem draga úr lausafjármyndun á hverjum tíma; með gagnverkandi þáttum er hér átt við seðla og mynt hjá almenningi, bundnar innstæður inn-

*Lausafjármyndun innlánsstofnana*  
(Í millj. kr.)

	<i>Janúar—desember</i>	
	<i>1971</i>	<i>1972<sup>2</sup></i>
1 Aukning alls .....	+1.409	+ 887
1.1 Nettó gjaldeyriskaup bankakerfis <sup>1</sup> .....	+ 796	+ 766
1.2 Innlend eignaaukning Seðlabanka .....	+ 613	+ 121
1.21 Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó .....	÷ 12	÷ 283
1.22 Kröfur á fjárfestingarlánasjóði .....	+ 369	+ 295
1.23 Endurkaup .....	+ 309	+ 637
1.24 Kröfur á aðra aðila .....	÷ 53	÷ 528
2 Mótvægi alls .....	÷2.035	÷1.070
2.1 Seðlar og mynt í umferð .....	÷ 299	÷ 408
2.2 Bundnar innstæður .....	÷ 687	÷ 702
2.3 Innstæður fjárfestingarlánasjóða .....	+ 110	+ 144
2.4 Sjóðir í opinberri vörzlu .....	÷ 943	÷ 55
2.5 Eigið fé o. fl. ....	÷ 216	÷ 49
3 Breyting á lausafjárstöðu alls .....	÷ 626	÷ 183
3.1 Gagnvart útlöndum .....	÷ 94	÷ 134
3.2 Gagnvart Seðlabanka .....	÷ 532	÷ 49

<sup>1</sup> Úthlutun sérstakra dráttarréttinda ekki talin með.

<sup>2</sup> Bókhaldshækkunar vegna breytinga á gengi ísl. kr. eru ekki taldar með.

lánsstofnana og innstæður fjárfestingarlánasjóða hjá Seðlabankanum, innstæður sjóða í vörzlu Seðlabankans og eiginfjárukningu bankans.


Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 820 millj. kr. á fyrstu fimm mánuðum 1972, en hafði haldizt nær óbreytt á sama tíma árið áður. Að öðru jöfnu batnar þó lausafjárstaðan fram til maíloka ár hvert, sem mótast mjög af árstíðaútreymi fjármagns frá Seðlabankanum vegna fjárþarfar ríkissjóðs og sjávarútvegs. Innlend eignaaukning Seðlabankans, tæpar 1.700 millj. kr., sem var nær tvöfalt meiri en fyrstu fimm mánuði 1971, stóð eingöngu að baki lausafjármynduninni, þar eð erlendar eignir bankans drógust lítið eitt saman gagnstætt því, sem var á fyrra ári, er þær jukust um 360 millj. kr. Mótvægisliðir lausafjármyndunar, sem getið er um áður, jukust einnig heldur minna en á sama tíma 1971 eða um 875 millj. kr.

Á síðari hluta ársins 1972 snerist þróunin alveg við að venju. Innlendar eignir Seðlabankans drógust saman um röskar 1.700 millj. kr., sem með áhrifum mótvægisliða myndi hafa rýrt lausafjárstöðu banka og sparissjóða um rúmar 1.900 millj. kr., ef ekki hefðu komið til veruleg gjaldeyriskaup Seðlabankans umfram sölu, þannig að stöðurýrnunin nam alls 1.000 millj. kr. á þessu sjö mánaða tímabili eða tæpum 200 millj. kr. yfir árið í heild.

**Janúar—maí**

**Júní—desember**

## Innlánsstofnanir



Verður nú nánar vikið að starfsemi innlánsstofnana, þ. e. viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga. Eins og að ofan er greint frá, versnaði lausafjárstaða innlánsstofnana um tæpar 200 millj. kr. á árinu 1972. Var hér aðallega um stöðuryrnun viðskiptabanka að ræða, en hún nam 161 millj. kr. Staða sparisjóða versnaði einnig um 23 millj. kr. Kom stöðuryrnunin fyrst og fremst fram í aukinni söfnun erlendra skammtíma skulda hjá viðskiptabönkunum, en staðan gagnvart Seðlabankanum versnaði um 50 millj. kr. Sé litið á þróunina síðastliðin þrjú ár, kemur í ljós, að lausafjárstaðan gagnvart útlöndum hefur versnað ár frá ári eða alls um 600 millj. kr., og er þá ekki tekið tillit til bókhaldshækkunar erlendra skulda vegna gengisbreytingar krónunnar í desember 1972. Á sama tíma hefur lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum rýrnað um 574 millj. kr.

### Reikningar innlánsstofnana<sup>1</sup> (í millj. kr.)

	Hreyfingar Reikningsstaða		
	Janúar—desember	1972 <sup>2</sup>	31. desember
	1971	1972 <sup>2</sup>	1972
<b>Eignir:</b>			
1 Lausafjárstaða alls .....	÷ 626	÷ 183	÷ 836
1.1 Staða gagnvart Seðlabanka .....	÷ 532	÷ 49	÷ 324
1.11 Seðlar og mynt .....	+ 8	+ 58	203
1.12 Almennar innstæður .....	÷ 43	+ 332	515
1.13 Lausaskuldir .....	÷ 496	÷ 440	÷ 1.042
1.2 Ríkisvixlar .....	—	—	—
1.3 Erlend staða .....	÷ 94	÷ 134	÷ 512
2 Bundnar innst. hjá Seðlabanka ..	+ 671	+ 711	4.741
3 Innstæður á uppsagnarreikningum	+ 16	÷ 9	16
4 Útlán .....	+3.530	+3.819	23.387
5 Endurlánað erlent lánsfé .....	+ 116	+ 253	516
6 Eignir=skuldir .....	+3.707	+4.592	27.823
<b>Skuldir:</b>			
7 Innstæður alls .....	+3.353	+3.425	23.589
7.1 Veltiinnlán .....	+ 713	+ 759	4.749
7.2 Spariinnlán .....	+2.615	+2.634	18.614
7.3 Geymslufé v/innflutnings .....	+ 25	+ 32	226
8 Fyrirgreiðsla Seðlabanka .....	+ 327	+ 659	2.804
8.1 Endurkaup .....	+ 309	+ 637	2.690
8.2 Verðbréf .....	+ 18	+ 22	114
9 Erlent lánsfé til langs tíma .....	+ 127	+ 274	512
10 Annað, nettó .....	÷ 100	+ 234	918

<sup>1</sup> Viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir kaupfélaga.

<sup>2</sup> Bókhaldshækkunar vegna breytinga á gengi ísl. kr. eru ekki taldar með.

## Útlán

Útlán innlánsstofnana jukust um 19,5% (3.819 millj. kr.) á árinu 1972, og varð aukningin hjá viðskiptabönkunum 20,3% og sparisjóðum 16,7%. Útlánaaukningin árið 1972 varð því um 2,5% minni en árið áður, er aukningin nam 22%. Mest hægð á aukningarhraðanum hjá sparisjóðum, en útlán þeirra höfðu aukizt um tæp 26% árið 1971, en útlán viðskiptabanka það ár höfðu aukizt um 22,3%.

Eins og fyrr greinir jukust endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum mjög verulega á árinu 1972. Andvirði þessara víxla er talið með í útlánatölum innlánsstofnana hér að ofan, en sé leiðrétt fyrir því, jukust önnur útlán innlánsstofnana heldur hægar eða um 18,2% (3.182 millj. kr.), en höfðu aukizt um 22,5% (3.221 millj. kr.) árið 1971.

## Lánaflokkun

Sé litið nánar á útlán innlánsstofnana, kemur í ljós, að rösklega þrír fjórðu af útlánaaukningunni 1972 fóru til fyrirtækja, rúmlega fimmtungur til einstaklinga — að mestu lán tengd húsnæði — og aðeins um 2,5% til opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða. Útlánaaukningin varð mest til sjávarútvegs eða 747 millj. kr. (718 millj. kr. árið 1971), verzlunar 633 millj. kr. (573 millj. kr.), iðnaðar 614 millj. kr. (139 millj. kr.) og landbúnaðar 401 millj. kr. (221 millj. kr. árið 1971).

## Innlán

Eins og árið áður jukust heildarinnstæður innlánsstofnana (þ. e. velti- og spariinnstæður ásamt innstæðum á geymslureikningi vegna innflutnings) nokkru hægar en útlán eða um 17% (3.425 millj. kr.), en höfðu aukizt um 20% árið 1971. Þannig dró heldur meira úr aukningu innlána en útlána á sl. ári eða um 3% miðað við 2,5% í útlánunum. Þetta kom að jöfnu fram í aukningu velti- og spariinnlána, sem hvort tveggja jukust 3% hægar en árið 1971, en veltiinnlán jukust alls um 19% (759 millj. kr.) og spariinnlán um 16,5% (2.634 millj. kr.). Breyting veltiinnstæðna 1972 stafaði eingöngu af aukningu hjá viðskiptabönkum (23,2%), þar eð veltiinnlán hjá sparisjóðum drógust lítið eitt saman. Spariinnlán hjá sparisjóðum jukust hins vegar um 17,5% eða heldur meira en hjá viðskiptabönkum, en hjá þeim varð aukningin 16,8%. Endanlegar tölur liggja ekki enn fyrir um innstæðuþróun innlánsdeilda kaupfélaga, en um frekar litla aukningu virðist hafa verið að ræða á árinu.

## Útlánahlutfall

Á undanförunum árum hefur hlutfallið á milli útlána og innlána farið vaxandi, sem hefur endurspeglazt í versnandi lausafjárstöðu innlánsstofnana. En til þess að fá sem gleggsta yfirsýn yfir raunverulega útlánagetu innlánsstofnana á hverjum tíma verður annars vegar að draga endurkaup Seðlabankans frá heildarútlánunum, en hins vegar að draga bundnar innstæður innláns-



stofnana hjá Seðlabankanum frá heildarinnstæðum. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir beinum áhrifum Seðlabankans á útlánagetu þeirra miðað við ráðstöfunarfé, kemur í ljós, að hlutfall útlána af innlánnum hefur hækkað úr 105% í árslok 1969 í 110% um sl. áramót, þ. e. í árslok 1972 voru útistandandi lán einum tíunda hærri en innstæður, enda versnaði lausafjárstaða innlánsstofnana um tæpar 1.200 millj. kr. á síðastliðnum þremur árum, eins og fyrr greinir. Hefur þessi útlánaaukning innlánsstofnana umfram aukningu innlána átt verulegan þátt í eftirspurnarþenslu á þessu tímabili.

## STARFSEMI FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐA OG LÍFEYRISSJÓÐA

### Lánastofnanir utan innlánsstofnana

Fyrir utan bankakerfið sjálft er starfandi viðtækt kerfi lána-  
stofnana, sem annast margvíslega lánaþjónustu við einstakl-  
inga, atvinnufyrirtæki og hið opinbera. Stofnanir þessar hafa  
það einkenni sameiginlegt að taka ekki við innlánnum, gagnstætt  
innlánsstofnunum, en í stað þess eru þær fjármagnaðar með  
lántökum, skatttekjum og öðrum framlögum auk eigin fjár.

Stærsti hópur þessara stofnana eru fjárfestingarlánasjóðir, 16  
að tölu, að mestu í eigu eða undir yfirráðum ríkisins. Heildar-  
eignir sjóðanna eru áætlaðar vera um 16,9 milljarðar króna í  
árslok 1972, og eru þá kröfur þeirra innbyrðis ekki taldar með.  
Hafa heildareignir sjóðanna vaxið um rúm 17% á ári að meðal-  
tali sl. þrjú ár, en árið 1972 jukust þær um nær 20%. Til sam-  
anburðar eru heildareignir innlánsstofnana á efnahagsreikn-  
ingi 33,5% milljarðar kr. í árslok 1972, og hafa þær aukizt um  
tæp 23% á ári til jafnaðar sl. þrjú ár.

Annar helzti flokkur lánastofnana eru lífeyrissjóðirnir, en þeir  
voru 94 að tölu í árslok 1972. Endanlegar tölur um efnahag  
þeirra og fjármagnsflæði árið 1972 eru ekki fyrir hendi, en  
eru áætlaðar hér. Í árslok 1972 eru heildareignir lífeyrissjóð-  
anna taldar vera 6,2 milljarðar kr. borið saman við 4,8 milljarða  
kr. í árslok 1971. Á sl. þrem árum hafa eignir lífeyrissjóð-  
anna vaxið um 26% á ári að meðaltali, en það er langhraðasti  
vöxtur, sem fyrir hendi er í öllu fjármálakerfinu.

### Starfsemi fjárfest- ingarlánasjóða

Það einkenndi mjög starfsemi fjárfestingarlánasjóða 1972, að  
stjórnvöld lögðu stórauðna áherzlu á fjárfestingu í sjávarútvegi,  
landbúnaði og íbúðabyggingum. Lagði þessi stefna aukin verk-  
efni á fjárfestingarlánasjóðina, sem þeim var ekki gert kleift  
að mæta með aukningu eigin fjár eða eftir venjubundnum lán-  
töku- og tekjuleiðum. Myndaðist því mikill halli í heildarfjár-  
magnun sjóðanna, sem varð að jafna með lántökum hjá Seðla-  
bankanum og erlendis, en hvort tveggja hefur mikil þenslu-  
áhrif á efnahagslífið og átti sinn þátt í að auka misvægi milli

framleiðslu og eyðslu á árinu. Auk talna, sem hér fylgja um útlán og fjárstreymi sjóðanna, er nánari grein gerð fyrir fjárstreymi einstakra sjóða í 24. og 25. töflu í töflusafni hér aftan við.

*Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.*

Hreyfingar í millj. kr.

<i>Uppruni fjármagns:</i>	1971	1972
Eigin fjármögnun .....	509	619
Innkomnar afborganir og vextir .....	1.692	1.942
÷ Greiddar afborganir, vextir og kostnaður .....	÷1.183	÷1.323
Framlög án endurgjalds .....	967	938
Frá ríkinu .....	752	918
Annað .....	215	20
Lántökur .....	1.329	2.300
Ríkissjóður og ríkisstofnanir .....	10	360
Seðlabankinn .....	32	390
Viðskiptabankar .....	314	269
Lífeyrissjóðir .....	70	191
Atvinnuleysisstryggingarsjóður .....	174	166
Skyldusparnaður .....	337	422
Annað innlent .....	37	11
Erlend lán .....	282	617
Stutt innlend lán, nettó .....	73	÷ 126
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>		
Lánveitingar .....	2.873	4.042
Framlög og styrkir .....	69	79
Hreyfingar á sjóði og bankainnstæðum .....	÷ 137	÷ 264

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða jukust úr 2.873 millj. kr. 1971 í 4.042 millj. kr. 1972, sem er 41% aukning, borið saman við rúmlega 20% meðalaukningu á árunum 1970 og 1971. Útlán sjóðanna til atvinnuveganna jukust úr 1.755 millj. kr. 1971 í 2.488 millj. kr. 1972. Er það aukning um 733 millj. kr. á árinu, en af henni gengu 154 millj. kr. til landbúnaðar, 500 millj. kr. til sjávarútvegs og 89 millj. kr. til iðnaðar. Lán til íbúðabygginga úr fjárfestingarlánasjóðum jukust um 257 millj. kr. frá 1971 til 1972 upp í 1.196 millj. kr.

Lántökur sjóðanna jukust úr 1.329 millj. kr. 1971 í 2.300 millj. kr. 1972, og hækkaði hlutdeild þeirra í fjármögnun nýrra útlána sjóðanna úr 46% 1971 í 57% 1972. Þessi aukning lánsfjáröflunar frá 1971 til 1972 var nær öll fengin með þrennu móti; sölu spariskírteina, lántökum í Seðlabankanum og erlendum lántökum. Lánsfjármögnun eftir öðrum leiðum, sem hefðbundnar hafa verið á undanförunum árum, stóð nær í stað.


Þegar í ljós kom, að sjóðirnir mundu þurfa á miklu nýju lánsfjármagni að halda á árinu 1972, var horfið að því ráði að ætla þeim hluta af því fé, sem aflaðist með sölu spariskírteina ríkis-

sjóðs. Var áætlað að stórauka sölu þeirra frá árinu áður eða upp í 500 millj. kr. 1972. Ekki reyndist þó unnt að selja nema 360 millj. kr., og var sú upphæð látin ganga til Framkvæmdasjóðs, sem notaði hana til endurlána. Þá voru lántökur hjá Seðlabankanum miklar, sem stafaði af því, að fjárþörf Fiskveiðasjóðs reyndist mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi og voru ekki tók á að fjármagna hana með öðru móti. Þá var og lausaskuldum Stofnlánadeildar landbúnaðarins við Seðlabankann breytt í föst lán á árinu. Alls námu nýjar lántökur fjárfestingarlánasjóðanna til langs tíma hjá Seðlabankanum 390 millj. kr. á árinu 1972. Þar af fóru 107 millj. kr. til endurgreiðslu á bráðabirgðalánnum hjá bankanum, sem auk afborgana og ýmissa smærri lánahreyfinga varð þess valdandi, að kröfur bankans á fjárfestingarlánasjóði jukust nettó um 295 millj. kr. árið 1972. Þá voru erlendar lántökur sjóðanna stóruknar á árinu eða úr 282 millj. kr. 1971 í 617 millj. kr. 1972, en á því ári voru erlend lán eingöngu tekin af Framkvæmdasjóði: 5 millj. dollara hjá First Nat. City Bank í New York og 90 millj. Luxemborgarfranka frá Viðreisnarsjóði Evrópu. Auk þess samdi Fiskveiðasjóður um lán í Japan að fjárhæð 10 millj. dollara, en það lán hafði ekki komið til útborgunar fyrir árslok 1972, og greiðist það eftir því, sem skipaafhendingum frá Japan miðar áfram. Upphaflega hafði verið samið um lán í yenum vegna smíði 9 togara í Japan, en með þessari lántöku var því breytt í Bandaríkjadollara.

Lántökur sjóðanna hjá viðskiptabönkunum minnkuðu úr 314 millj. kr. 1971 í 269 millj. kr. 1972, en það stafar fyrst og fremst af tilfærslum milli ára í efndum á samkomulagi viðskiptabankanna við Framkvæmdasjóð um lánveitingar til hans. Þá námu lántökur Byggingarsjóðs ríkisins hjá Atvinnuleysisstryggingarsjóði 166 millj. kr., sem er álíka upphæð og árið áður. Innkominn skyldusparnaður jókst um 85 millj. kr. í 422 millj. kr., en á móti jukust endurgreiðslur um 37 millj. kr., þannig að hrein aukning nam aðeins 48 millj. kr.

#### **Starfsemi lífeyrissjóða**

Lánastarfsemi lífeyrissjóðanna stórvókst á árinu 1972. Ný útlán sjóðanna eru talin hafa aukizt úr tæpum 1.000 millj. kr. 1971 í 1.500 millj. kr. 1972, eða um rúm 50%. Af þessari upphæð er talið, að um 1.200 millj. kr. hafi farið í útlán til sjóðfélaga sjálfra. Einnig er vitað, að lífeyrissjóðir hafa lánað fjárfestingarlánasjóðum 191 millj. kr. á árinu, en þar af voru 118 millj. kr. lánaðar í formi skuldabréfakaupa lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins. Voru þetta sérstök skuldabréf, gefin út fyrir lífeyrissjóðina til 10 ára með jöfnum árgreiðslum (annuitet), 5% nafn-



vöxtum og verðbótum á höfuðstól og vexti eftir hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar.

*Fjárstreymi lífeyrissjóða*

Í millj. kr.	1970	1971	1972
<i>Uppruni:</i>			
Eigið fé .....	416	491	620
Innkomnar afborganir .....	186	224	290
Vaxtatekjur .....	246	293	360
Annað .....	÷ 16	÷ 26	÷ 30
Hreinar iðgjaldatekjur .....	454	646	1.080
Iðgjöld .....	691	994	1.650
÷ Lífeyrisgreiðslur og endurgr. iðgjöld .....	÷ 237	÷ 348	÷ 570
<i>Ráðstöfun:</i>			
Útlán .....	657	989	1.500
Aukning í sjóði og bankainnstæðum .....	213	148	200

Iðgjaldatekjur sjóðanna eru taldar hafa numið um 1.650 millj. kr. 1972, en að frádregnum lífeyrisgreiðslum eru þær taldar um 1.080 millj. kr. borið saman við 646 millj. kr. 1971, en það þýðir vöxt um tvo þriðju á árinu 1972 frá árinu áður. Stafar þessi vöxtur að hluta af launahækkunum, sem urðu 1972, en hins vegar er hér um að ræða hækkun í hundraðshluta iðgjalda þeirra sjóða, er hófu starfsemi sína í ársbyrjun 1970. Sjóðir þessir sömdu um það í upphafi, að á fyrsta starfsári þeirra skyldi iðgjaldahundraðshluti sjóðsfélaga vera 1% af launum, en atvinnurekendur greiddu 1½% á móti. Skyldu hundraðshlutar þessi hækka árlega í jöfnum skrefum þar til árið 1973, er hlutur sjóðfélaga væri kominn í 4% af launum og hlutur atvinnurekenda í 6%. Má því búast við, að vöxturinn í iðgjaldatekjum sjóðanna haldi áfram á þessu ári, en úr því taki að draga úr honum.

## YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Í köflunum hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þróun peningamála og lánveitingum bankakerfis, fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða og fyrir erlendum lántökum. Nú verður leitast við að gefa heildaryfirlit yfir lánsfjárframboð á innlendum lánamarkaði auk erlendra lána, sem tekin voru beint af lánþegum.

### Heildarlánsfé

Eins og meðfylgjandi tafla sýnir, jukust útlán innlendra lánastofnana alls um 7.334 millj. kr. á árinu 1972, sem er 22,2% aukning á árið á undan, en þá höfðu útlán þessara aðila aukizt alls um röskar 6.000 millj. kr. Það skal strax tekið fram, að í þessum kafla er eingöngu fjallað um skuldaaukningu lánþega, þ. e. verga útlánaaukningu að frádregnum afborgunum. Ennfremur skal á það bent, að með „lánþegum“ er átt við þá aðila, sem lán hafa tekið hjá lánastofnunum hverju sinni. Auk innlendra lána tóku lánþegar sjálfir (þ. e. án milligöngu lánastofnana, sem þá telja viðkomandi endurlán með eigin útlánunum) löng erlend lán að fjárhæð 1.890 millj. kr., en skammtíma erlend lán og viðskiptaskuldir drógust saman um 455 millj. kr., þannig að beinar erlendar skuldir lánþega jukust alls um 1.435 millj. kr. á árinu 1972. Þetta er tæplega 600 millj. kr. lægri skuldaaukning en árið áður, en þá jukust löng erlend lán, tekin beint af ríkinu, sveitarfélögum og atvinnuvegunum, um tæpar 2.500 millj. kr. og skammtíma lán um tæpar 700 millj. kr. Heildarlántökur lánþega frá innlendum lánastofnunum og erlendum aðilum námu því alls 8.769 millj. kr. á árinu 1972, sem var röskum 400 millj. kr. lægri fjárhæð en árið áður.

### Innlend lán

Sé litið á útlán innlendra lánastofnana og skiptingu lánanna eftir lánþegum, kemur í ljós, að atvinnuvegirnir (ríkisfyrirtæki þar talin með) fengu, eins og vænta mátti, hlutfallslega mest eða um þrjá fimmtu hluta útlánaaukningar bæði árin 1971 og 1972, þó heldur meira seinna árið. Íbúða- og húseigendur hafa svo fengið bróðurpartinn af því, sem eftir var, eða 36,1% af heildinni árið 1972 og 32,5% árið 1971, en þar voru þyngst á

*Innlendur lánamarkaður<sup>1</sup> og erlendar lántökur 1971 og 1972*

(Nettó-hreyfingar í millj. kr.)

	<i>Lánþegar</i>					
	Ríkissj. og ríkisst.	Sveitar- félög	Atvinnu- vegir	Íbúða- eigendur	Aðrir einka- aðilar	Samtals
<i>Lánveitendur:</i>	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
Innlend lán alls	1972 47	20	4.515	2.646	106	7.334
	1971 82	250	3.549	1.948	174	6.003
1. Seðlabankinn <sup>2</sup>	1972 ÷283	÷ 18	÷509	—	—	÷810
	1971 ÷ 11	21	÷ 74	—	—	÷ 64
2. Viðskiptabankar <sup>2</sup>	1972 116	÷ 42	3.155	201	95	3.525
	1971 63	62	2.193	345	157	2.820
3. Sparisjóðir	1972 ÷ 3	÷ 60	÷ 1	441	11	388
	1971 13	37	281	155	17	503
4. Innlánsdeildir	1972 —	—	43	—	—	43
	1971 —	—	28	—	—	28
5. Bankakerfið (1—4)	1972 ÷170	÷120	2.688	642	106	3.146
	1971 65	120	2.428	500	174	3.287
6. Fjárf.lánasjóðir <sup>3</sup>	1972 158	122	1.712	1.069	—	3.061
	1971 ÷ 21	106	1.050	834	—	1.969
7. Lífeyrissjóðir <sup>3</sup>	1972 28	3	61	934	—	1.026
	1971 25	2	44	615	—	686
8. Atvinnul.tr.sjóður <sup>3</sup>	1972 31	15	54	1	—	101
	1971 13	22	27	÷ 1	—	61
Erlend lán og fjár- magnstílfærslur	1972 1.356	292	÷213	—	—	1.435
	1971 1.093	25	2.060	—	—	3.178
1. Lán til langs tíma <sup>4</sup>	1972 1.506	292	92	—	—	1.890
	1971 935	25	1.527	—	—	2.487
2. Lán til skamms tíma <sup>5</sup>	1972 ÷150	—	÷305	—	—	÷455
	1971 158	—	533	—	—	691
Erlend og innl. lán, alls	1972 1.403	312	4.302	2.646	106	8.769
	1971 1.175	275	5.609	1.948	174	9.181

<sup>1</sup> Innbyrðis viðskipti lánveitenda hafa verið dregin frá útlánunum þeirra.

<sup>2</sup> Endurlánað erlent lánsfé banka og sjóða (449 millj. kr. 1971 og 762 millj. kr.) er talið með útlánunum viðkomandi stofnana; þó ekki bókfærð hækkun v/gengisbreytingarinnar í desember 1972.

<sup>3</sup> Að nokkru áætlað.

<sup>4</sup> Lántökur lánastofnana ekki taldar með (sjá ath. 2).

<sup>5</sup> Áhættufjármagn, innflutt vegna ÍSAL, ekki talið með (1.726 millj. kr. 1971 og 240 millj. kr. 1972).

<sup>6</sup> Ríkisfyrirtæki talin með.

metunum útlán Byggingarsjóðs ríkisins og lífeyrissjóða, þó að bankakerfið hafi reyndar einnig lánað verulegar fjárhæðir til íbúðaeigenda. Nettóaukning innlendra lána til ríkisins og sveitarfélaga á árinu 1972 var hins vegar innan við 1% (67 millj. kr.) af heildinni, en hafði verið 5,5% (332 millj. kr.) árið 1971. Af meðfylgjandi töflu sést, að bankakerfið lánar hlutfallslega

langmest til atvinnuveganna. Þannig fengu atvinnuvegirnir rúm 85% af útlánaaukningu bankakerfisins árið 1972 borið saman við 74% árið á undan. Fjárfestingarlánasjóðir lánuðu röskan helming útlánaaukningar sinnar til atvinnuveganna eða 56% af heildinni árið 1972 og 53% árið 1971. Hins vegar lánuðu lífeyrissjóðir aðeins um 6% útlánaaukningar til atvinnuveganna bæði árin 1971 og 1972.

Eins og áður segir, fengu íbúðaeigendur bróðurpartinn af útlánaaukningu lánastofnana til annarra en atvinnuvega. Það skal strax tekið fram, að hér er um að ræða lán, tengd íbúðarhúsnæði á einhvern hátt, án tillits til þess, hvort um er að ræða nýbyggingu, endurbót eða einungis veðsetningu eldri fasteignar. Lífeyrissjóðir lána hlutfallslega langmest til íbúðaeigenda eða um og yfir 90% af útlánaaukningu sinni árin 1971 og 1972. Fjárfestingarlánasjóðir (þ. e. fyrst og fremst Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og Veðdeild Búnaðarbankans) lánuðu um 35% útlánaaukningar sinnar á árinu 1972 til íbúðaeigenda og um 42% á árinu 1971. Viðskiptabankar og sparisjóðir lánuðu hins vegar töluvert minna til íbúðaeigenda, en þó fóru um 20% útlánaaukningar bankakerfisins árið 1972 til íbúðaeigenda og rösk 15% árið þar á undan.

## Erlend lán

Sé litið á erlendar lántökur lánþega til langs tíma (þ. e., eins og áður greinir, að frátöldum erlendum lántökum innlendra lánastofnana til endurlána), kemur í ljós, að á árinu 1972 var nær eingöngu um að ræða skuldaaukningu ríkissjóðs og ríkisstofnana svo og sveitarfélaga, en lán atvinnuveganna (þ. m. t. ríkisfyrirtæki) jukust mjög lítið. Löng erlend lán ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um röskar 1.500 millj. kr. eða fjóra fimmtu hluta erlendrar skuldaaukningar þessara aðila borið saman við 935 millj. kr. aukningu árið 1971, sem nam tæpum tveim fimmtu erlendrar skuldaaukningar sömu aðila. Löng erlend lán sveitarfélaga jukust um tæpar 300 millj. kr., aðallega vegna hitaveitu- og raforkuframkvæmda, en höfðu ekki aukizt um meira en 25 millj. kr. árið 1971. Löng erlend lán atvinnuveganna jukust hins vegar aðeins um tæpar 100 millj. kr. á árinu 1972, en höfðu aukizt um meira en 1.500 millj. kr. árið áður. Var það fyrst og fremst mikill innflutningur skipa og þó sérstaklega flugvéla, sem orsakaði hið mikla lánsfjárinnstreymi atvinnuveganna á árinu 1971. Erlend skammtíma lán og viðskiptaskuldir minnkðu um 455 millj. kr. á árinu 1972, en höfðu aukizt um tæpar 700 millj. kr. árið áður. Hér er aðallega um að ræða breytingar á vörukaupalánum, ógreiddum útflutningi og viðskiptaskuldum



## Skipting á lánþega

skipa-, flug- og tryggingarféлага, en verulegar breytingar geta ávallt orðið á þessum liðum frá ári til árs.

Eins og fyrr greinir, jókst heildarframboð lánsfjár hjá innlendum lánastofnunum og erlendum aðilum alls um 8.769 millj. kr. á árinu 1972 borið saman við 9.181 millj. kr. aukningu árið 1971. Um helmingur þessarar lánaaukningar (4.302 millj. kr.) fór til atvinnuveganna á árinu 1972, sem var nokkru minna en árið áður, er atvinnuvegirnir fengu röska þrjá fimmtu heildarlánsfjár (5.609 millj. kr.). Íbúðaeigendur fengu um þrjá tíundu lánsfjárukningar (2.646 millj. kr.), sem var töluvert meira en árið 1971, en það ár nam hlutur þeirra fimmtungi lánaaukningar (1.948 millj. kr.). Skuldaaukning annarra einkaaðila (þ. e. einstaklinga og fjölskyldna) var um 1—2% bæði árin 1971 og 1972 og þó heldur nær 1% seinna árið. Lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um röskar 1.400 millj. kr., rúmlega 200 millj. kr. meira en 1971, og hækkaði hlutdeild ríkissjóðs og ríkisstofnana úr 12,8% í 16% af heildarlánsfé árið 1972. Hlutdeild sveitarfélaga í lánsfjárukningunni var hins vegar svipuð bæði árin 1971 og 1972 eða 3—4%.

Hér að framan hefur verið fjallað um heildarframboð lánsfjár og skiptingu þess á helztu lánþegahópa, en ekki hefur verið fjallað um skiptingu lána eftir notkun (þ. e. eftir því, hvort um hefur verið að ræða lán til fjárfestingar eða rekstrar). Upplýsingar um skiptingu lánanotkunar eru enn takmarkaðar, einkum að því er varðar lán viðskiptabanka og sparisjóða, þó að vitað sé, að þessar stofnanir láni aðallega til rekstrar. Hins vegar lána aðrar lánastofnanir nær eingöngu til fjárfestingar. Þá má gera ráð fyrir, að löng erlend lán séu eingöngu tekin vegna fjárfestingar, en skammtíma lán og viðskiptaskuldir vegna rekstrar. Enn sem komið er skortir á um upplýsingar, til þess að hægt sé með góðu móti að tengja útlánatölur lánastofnana saman við þjóðhagsstærðir, t. d. fjármunamyndun varanlegra fjármuna og birgðabreytingar svo og hlutdeild lánastofnana í miðlun innlands sparnaðar. Vandinn er ekki einungis sá, að enn skortir upplýsingar um skiptingu útlána viðskiptabanka og sparisjóða eftir notkun, heldur skortir einnig upplýsingar um lánaveltu sömu aðila, þ. e. tölur um verg útlán og afborganir lána. Einnig vantar að mestu upplýsingar um birgðabreytingar annarra en útflutningsvara og bústofns.

## Innlendur sparnaður

Þrátt fyrir ofangreinda örðugleika verður hér leitast við að setja fram hugmyndir um hlutverk lánastofnana í dreifingu innlands sparnaðar, en neðangreindar tölur sýna, hvernig vergur innlendur sparnaður er fenginn úr þjóðhagstólum:

<i>Í millj. kr. á verðlagi hvers árs</i>	1971	1972
1. Verg þjóðarframleiðsla .....	53.230	65.100
2. Hreinar tekjur framleiðsluþátta til útlanda .....	495	850
3. Verg innlend verðmætasköpun .....	53.725	65.950
4. Föst fjármunamyndun, verg .....	16.050	18.620
5. Breyting bústofns og útflutningsbirgða .....	1.600	÷ 1.170
6. Fjárfesting, alls .....	17.650	17.450
7. Viðskiptajöfnuður .....	÷ 3.860	÷ 1.770
8. Vergur innlendur sparnaður .....	13.790	15.680
9. Sparnaðarhlutfall (8./3.) .....	25,7%	23,8%

Eins og þessar tölur sýna, hefur vergur innlendur sparnaður minnkað hlutfallslega um 2% á árinu 1972 eða úr 25,7% árið 1971 í 23,8% af vergri innlendri verðmætasköpun.

#### **Innlendur sparnaður og lánastofnanir**

Sem fyrr greinir, liggja ekki fyrir tölur um verg útlán bankakerfisins, en slíkar tölur eru fyrir hendi hjá öðrum lánastofnunum. Á grundvelli þeirra hefur verg útlánaaukning lánastofnana að frádregnum endurlánuðum erlendum lánum verið áætluð alls um 8.800 millj. kr. árið 1972 og 7.640 millj. kr. árið 1971. Áherzla skal á það lögð, að hér er um mjög grófa reikninga að ræða. Engu að síður má ætla samkvæmt þessum niðurstöðum, að á árinu 1972 hafi næstum þrjú fimmtu hlutar vergs innlends sparnaðar farið í gegnum dreifingarkerfi innlendra lánastofnana, sem er mjög svipað hlutfall og árið áður. Rösklega tveimur fimmtu hlutum innlends sparnaðar hefur því verið ráðstafað beint af sparendum sjálfum.

## UM REKSTUR BANKANS OG STARFSEMI

### Rekstur Seðlabankans

Rekstrarhagnaður Seðlabankans á árinu 1972 varð 5,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Til gjalda höfðu þá verið færðir 9% vextir af eigin sjóðum bankans (57,4 millj. kr.) og 15% arður af stofnfé. Arðgreiðslan er lögð í Arðsjóð, en hálfum tekjum hans er árlega ráðstafað til starfsemi Vísindasjóðs. Þátttaka í kostnaði Framkvæmdastofnunar ríkisins nam 8,2 millj. kr. á árinu og framlag til Landhelgissjóðs 5,0 millj. kr. Landsútsvar var nú lagt á bankann í fyrsta sinn og nam 1,9 millj. kr. Til ráðstöfunar komu alls 11,3 millj. kr. að meðtöldum óráðstöfuðum tekjuafgangi frá fyrra ári, 5,6 millj. kr. Bankaráð ákvað að leggja í húsbyggingarsjóð 5,1 millj. kr., í arðjöfnunarsjóð 1,4 millj. kr. og 0,4 millj. kr. í varasjóð. Óráðstafaður tekjuafgangur til næsta árs verður því 4,4 millj. kr.

Miklar breytingar urðu á daglegri gengisskráningu á árinu, og ollu þær nettólækkun á eignum bankans að upphæð 122,7 millj. kr. miðað við lokaskráningu ársins. Upphæðin var tekin af gengisreikningi bankans, en sá reikningur er ætlaður til að mæta verðmætasveiflum, sem orsakast af daglegum gengisbreytingum. Hinn 20. desember var ákveðin lækkun á stofngengi íslensku krónunnar og með lögum mælt fyrir um færslu þar af leiðandi gengismunar bankanna á gengisbreytingareikning við Seðlabankann. Nettóuppfærsla á erlendum reikningum Seðlabankans vegna gengisbreytingarinnar nam 512,1 millj. kr. í árslokin, og hafði sú upphæð þá verið færð á gengisbreytingareikninginn. Óuppgert gengistap annarra aðila var talið nema 134,8 millj. kr. í lok ársins.

Samkvæmt ákvörðun bankastjórnarinnar voru gamlir seðlar í umferð, sem innkallaðir höfðu verið með auglýsingu 15. janúar 1970, afskrifaðir og andvirðið, 11,1 millj. kr., fært á varasjóð í árslokin.

Á árinu 1972 kom fram hagnaður af seldum erlendum verðbréfum að upphæð 7,0 millj. kr., og var sú fjárhæð færð í vara-

sjóð. Eldri skráningarhagnaður erlendra verðbréfa að upphæð 38,1 millj. kr. var færður á gengisreikning. Tvær síðastnefndar upphæðir tilheyra nokkrum undangengnum árum og færast því ekki í rekstrarreikning ársins 1972.

Stofnfé og eigin sjóðir Seðlabankans námu 740,3 millj. kr. í lok ársins 1972 og höfðu því lækkað um 3,4 millj. kr. á árinu. Arð-sjóður nam 58,1 millj. kr. í árslokun og hafði þá lagt til Vísinda-sjóðs 9,7 millj. kr. af tekjum ársins 1972.

### **Byggingarmál Seðlabankans**

Teikning að nýrri byggingu Seðlabanka Íslands við Sölvhóls götu var samþykkt á fundi byggingarnefndar 14. desember sl. Lóð þessa fékk Seðlabankinn í makaskiptum við Reykjavíkurborg, eftir að bankinn hafði fallið frá því að byggja á lóðunum Fríkirkjuvegi 11 og 13.

Bygging sú, sem nú hefur verið samþykkt, er fjórar hæðir, að gólfleti tæplega 2.800 m<sup>2</sup>, en rúmmál byggingarinnar um 10.000 m<sup>3</sup>. Auk þess er tvöfaldur kjallari, sem nær yfir alla lóðina, og eru um 60% af honum ætluð undir bílageymslu, sem Reykjavíkurborg mun eiga ásamt bankanum.

Hin nýja bygging er mjög miðuð við hinar sérstöku þarfir, sem Seðlabankinn hefur fyrir öruggar geymslur fyrir peningaseðla, mynt og önnur verðmæti. Verða í kjallara stórar og mjög tryggjar fjárgeymslur auk sérstakrar öryggisaðstöðu við flutning peninga og annarra verðmæta.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að í byggingunni verði til húsa sameiginleg rafreiknimiðstöð allra bankanna. Mun vélasalurinn verða í kjallara byggingarinnar, en skrifstofuaðstaða á efri hæðum. Hefur undirbúningsfyrirtæki rafreiknimiðstöðvar þessar verið stofnað og er þess vænt, að hún geti leitt til mjög mikillar hagræðingar og mannaflasparnaðar í rekstri bankakerfisins.

### **Seðlar og mynt**

Nú er fyrir nokkru lokið þeirri endurskipulagningu á seðla- og myntútgáfunni, sem hófst með útgáfu 10 kr. peninga 1968 og lauk með útgáfu 5000 kr. seðils í apríl 1970. Í árslok var hlutdeild 5000 kr. seðla 55,3% af seðlaveltunni, en hlutdeild 1000 kr. seðla var þá komin niður í 32,2% úr 82,4% í árslok 1970. Þannig hefur tilkoma 5000 kr. seðla svo og útgáfa myntar í stað smæstu seðlastærðanna haft í för með sér verulega fækkun á seðlum í umferð og orðið til hagræðis fyrir almenning og peningastofnanir. Má í því sambandi geta þess, að á árinu 1967 störfuðu 9 manns í Seðlabankanum við greiningu, talningu og þökkun innkominna seðla, en nú anna 6 manns þessum störfum. Við mynttalningu starfar aftur á móti aðeins einn maður, en þar er hægt að koma mikið við vélum, þar sem mannshöndin

kemur vart nærri. Á árinu fóru þannig um mynttalningu Seðlabankans 18,1 millj. peningar, en um seðlagreiningu fóru 9,7 milljón seðlar. Engin skiptimynt var slegin með ártalinu 1972.

**Endurskoðun  
gjaldmiðilslöggjafar**

Í febrúarmánuði kom fram þingsályktunartillaga á Alþingi um tífoldun á verðgildi krónunnar, og var hún send Seðlabankanum til umsagnar. Í samráði við bankaráðið svaraði bankastjórnin erindi þessu, og fylgdi með því skýrsla, þar sem fjallað er um stefnumörkun í gjaldmiðilsmálunum. Kemur þar fram sú skoðun bankans, að tífoldun gjaldmiðils nú sé ekki hagkvæm. Hins vegar væri æskilegt, að 10-eyringar og seinna 50-eyringar verði fljótlega felldir niður, þannig að ein króna yrði minnsta mynteiningin. Síðar mætti huga að hundraðfoldun gjaldmiðilsins, ef fyrir því væri almennur stuðningur. Tillögur bankans um samsvarandi breytingu á löggjöf um gjaldmiðil voru þó ekki lagðar fram á árinu, og er nú unnið að frekari undirbúningi þess máls.

**Breyting á endurkaupareglum afurðavíxla**

Hinn 11. febrúar tóku gildi breyttar reglur um endurkaup afurðavíxla með veði í útflutningsafurðum. Var ákveðið, að endurkaup næmu hæst 58,5% áætlaðs skilaverðs afurðanna í stað hæst 55%, sem verið hafði. Aðrir skilmálar endurkaupa breyttust ekki. Breytingin náði til útflutningsafurða, sem framleiddar voru frá og með byrjun ársins. Jafnframt var gengið út frá því, að viðskiptabankarnir veittu áfram viðbótarlán, er næmu 16,5% áætlaðs skilaverðs afurðanna, þannig að heildarlán út á útflutningsafurðir næmu 75% áætlaðs skilaverðs.

**Endurkaup framleiðslulána iðnaðarins**

Hinn 8. nóvember birti Seðlabankinn reglur um endurkaup af hans hálfu frá viðskiptabönkum á víxlum (framleiðslulánum) út á birgðir fullunninna iðnaðarvara og þegar sérstaklega stendur á hráefnum og vörum í vinnslu. Meðal skilyrða fyrir þessum endurkaupum er:

- a) að hinar fullunnu vörur séu samkynja, auðseljanlegar og hafi verið á markaði í 12 mánuði a. m. k.,
- b) að verðmæti ársframleiðslu fyrirtækis sé ekki undir ákveðnu lágmarki, sem Seðlabankinn setur fyrir hverja atvinnugrein,
- c) að fyrir liggi endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur ásamt rekstrar- og greiðsluáætlunum, sem Seðlabankinn getur byggt mat sitt á efnahag og lánsfjárbörf viðkomandi fyrirtækis á, svo og lýsing á starfseminni.

Frekari skilyrði eru sett fyrir þessum lánum, en stefnt að því í byrjun, að endurkaupin taki fyrst og fremst til iðnaðarvara, sem ætlaðar eru til útflutnings.

Til grundvallar hinum nýju reglum eru lög um veðtryggingu

iðnrekstrarlána nr. 47/1972, er afgreidd voru frá Alþingi í maí-mánuði.

#### Um vexti

Vextir af inn- og útlánum við innlánsstofnanir hafa í aðalatriðum verið óbreyttir frá 1. janúar 1966. Vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum, sem taka má út fyrirvaralaust, eru 7% á ári, en af bókum, bundnum til 12 mánaða, 9% á ári. Vextir af innstæðum á sparisjóðsávisanabókum eru 4% á ári, en af hlaupareikningsinnstæðum 3% á ári.

Útlánsvextir eru 9—10% á ári. Eru vextir af víxlum 9%, 9½% eða 10%, og fer það aðallega eftir tímalengd víxla, hvaða vextir eiga við. Af skuldabréfum eru vextir 9½% eða 10% á ári eftir tryggingum. Vextir af skuldum á hlaupareikningum eru 7% dagvextir á ári, reiknaðir mánaðarlega eftir á, auk 3% viðskipta-gjalds af upphæð lánsheimildar.

Vextir af afurðalánum eru breytilegir. Víxlar, endurseldir Seðlabankanum vegna útflutningsafurða, eru með 6% ársvöxtum, en önnur endurseld afurðalán með 7½% ársvöxtum. Viðbótarlán viðskiptabanka, sem ekki eru endurseld Seðlabankanum og veitt eru út á afurðir, svo og útgerðarlán gegn veði í væntanlegum afla, eru með 8% og 8½% ársvöxtum.

#### Breytt vaxtakjör við Seðlabankann og ný gjaldskrá bankanna

Vegna versnandi afkomu viðskiptabanka og sparisjóða voru gerðar nokkrar breytingar á viðskiptakjörum þessara aðila við Seðlabankann, svo og á gjaldskrá fyrir innlend viðskipti banka og innlánsstofnana.

Helztu breytingar á vaxtakjörum Seðlabankans voru þær, að vextir af innstæðum á reikningum innlánsstofnana voru hækkaðir úr 7% í 8%, og gildi sú hækkun frá byrjun ársins. Þá voru vextir af bundnum innstæðum einnig hækkaðir frá sama tíma. Greiðast nú af fyrstu 10 millj. kr. innstæðu vextir, sem eru 2¼% umfram meðalinnlánsvexti hjá hlutaðeigandi stofnun í stað 2% áður, en af öðrum bundnum innstæðum 1¾% umfram meðalinnlánsvexti í stað 1½%.

Ný gjaldskrá fyrir innlend viðskipti var gefin út á árinu að höfðu samráði við innlánsstofnanir og viðskiptaráðuneytið, og tók hún gildi 10. júlí. Var þar meðal annars ákveðið 1% lánsheimildargjald á ári af hlaupareikningsyfirdrætti, er stendur lengur en eitt ár, og ákveðið sérstakt gjald af tékkaviðskiptum í verði tékkhefta.

#### Reglur um innlánsbindingu

Reglur um innlánsbindingu voru óbreyttar allt árið, svo og vextir af bundnum innstæðum, en þeir eru hæstir 9½%. Bindi-skylduhlutföll eru því enn 30% af aukningu heildarinnstæðna eða 3% af heildarinnstæðum, hvort sem hærra er. Bundin inn-

**Starfsemi  
bankaeftirlitsins**

stæða hvefrrar innlánsstofnunar skal þó ekki fara fram úr 20% heildarinnstæðna hjá henni í lok hvers árs, og hafa nú allar innlánsstofnanir náð því hámarki, svo að binding nemur í raun 20% af aukningu innstæðna.

Vextir af bundinni innstæðu innlánsstofnana voru hækkaðir, svo sem að framan greinir.

Á árinu 1972 framkvæmdi bankaeftirlitið könnun hjá 2 viðskiptabönkum og 38 sparisjóðum.

Fjöldi viðskiptabanka og sparisjóða og afgreiðslustaða þessara stofnana var sem hér segir í árslok 1971 og 1972:

	Viðsk.- bankar	Banka- útibú	Umboðs- skrifst. banka	Spari- sjóðir	Afgr.- staðir alls	Umboðs- skrifst. sparisj.
Árslok 1971 .....	7	55	11	50	1	124
Árslok 1972 .....	7	57	11	51	1	127

Breytingar á fjölda framangreindra stofnana og afgreiðslustaða á árinu 1972 voru þessar:

- 1) Samvinnubankinn opnaði útibú á Vopnafirði og yfirtók innlánsdeild Kaupfélags Vopnfirðinga.
- 2) Samvinnubankinn opnaði umboðsskrifstofu í Króksfjarðarнесi og yfirtók innlánsdeild Kaupfélags Króksfjarðar.
- 3) Landsbankinn opnaði útibú á Keflavíkurlflugvelli og hætti um leið rekstri umboðsskrifstofu í Keflavík.
- 4) Sparisjóður Súðavíkur hóf starfsemi.

Bankaeftirlitið fylgist með bókhaldi innlánsdeilda samvinnufélaga, en ekki getur orðið um að ræða eftirlit með starfsemi innlánsdeildanna með sama hætti og á sér stað gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum, þar sem innlánsdeild og viðkomandi samvinnufélag hafa ekki aðskilinn fjárhag. Á árinu 1972 fækkaði innlánsdeildunum úr 40 í 37. Er hér að framan gerð grein fyrir yfirtöku Samvinnubankans á tveim innlánsdeildum, en Samvinnubankinn (útibú bankans á Sauðárkróki) yfirtók einnig innlánsdeild Samvinnufélags Fljótamanna í Haganesvík.

Auk hinna eiginlegu eftirlitsstarfa annast bankaeftirlitið framkvæmd á reglum um innlánsbindingu innlánsstofnana, söfnun og úrvinnslu reglulegra skýrslna um efnahag og rekstur þessara stofnana og önnur störf, sem almennt varða rekstur peninga- og lánastofnana. Má í þessu sambandi sérstaklega nefna störf banka- eftirlitsins á árinu 1972 vegna þeirrar úttektar á bankakerfinu, sem gerð var af bankamálanefnd, sem skipuð var í maílok 1972.

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenzkra stjórnvalda greiðslu- viðskipti Íslands bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og

### Alþjóðastofnanir

Alþjóðabankinn (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1972 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Lúðvík Jósepsson og Halldór E. Sigurðsson varafulltrúi. Aðalfundir þessara stofnana voru haldnir sameiginlega í Washington um haustið, og sóttu þá allir íslenzku fulltrúarnir nema Halldór E. Sigurðsson, en Jóhannes Elíasson sótti fundina í hans stað. Sameiginlegir fulltrúar Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru Erik Brofoss frá Noregi, aðalfulltrúi, og Sigurgeir Jónsson, varafulltrúi fram til 1. nóvember, en Sven Lampe frá Svíþjóð eftir það. Í bankastjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Erik Törnqvist frá Finnlandi, aðalfulltrúi fram til 1. nóvember, en Hans E. Kastoft frá Danmörku eftir það, og Carl I. Öhman frá Svíþjóð, varafulltrúi.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á árinu 1972 ríkti millibilsástand í gjaldeyris- og peningamálum eftir mikla viðburði ársins á undan. Voru gjaldeyrisviðskipti með nokkurn veginn eðlilegum hætti innan hinna breiðari gengismarka, sem tekin voru upp í desember 1971. Þó neyddust Bretar til þess að taka upp fljótandi gengi á sterlingspundi í júnímánuði. Mikil óvissa var ríkjandi um framtíðarþróun gjaldeyrismála, og fór gullverð á frjálsum markaði mjög hækkandi. Við þessar aðstæður lamaðist starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í lok september, var samþykkt að setja á laggirnar ráðherranefnd þeirra 20 landa eða hópa landa, sem fulltrúa eiga í sjóðsstjórninni, til þess að endurskoða Alþjóðagjaldeyriskerfið frá grunni. Hóf hún störf þegar í stað. Aðalfulltrúi Norðurlanda í nefndinni er Kjell-Olof Feldt frá Svíþjóð, en á fundum hennar og undirnefndar eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndum.

Þriðja úthlutun hinna sérstöku dráttarréttinda fór fram í ársbyrjun 1972. Úthlutunin nam samtals 3 milljörðum SDR, en hlutdeild Íslands í henni nam 2,44 milljónum SDR. Samtals hefur Íslandi verið úthlutað jafngildi 654 milljóna króna í sérstökum dráttarréttindum miðað við 88,00 kr. stofngengi. Ekki hefur náðst samkomulag um frekari úthlutun sérstakra dráttarréttinda vegna mikillar aukningar á dollarainnstæðum ýmissa landa.

### Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans

Á því fjárhagsári Alþjóðabankans, er lauk 30. júní 1971, námu útlán bankans 1.966 millj. dollara, útlán Alþjóðaþróunarstofnunarinnar 1.000 millj. dollara og lán og hlutafjárframlög Alþjóðafjármálastofnunarinnar samtals 116 millj. dollara. Útistandandi



### Norræn samvinna

skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 22,6 millj. dollara í árslok 1972.

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fundi, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1972 var seðlabankafundurinn haldinn í Finnlandi. Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt fjóra fundi á árinu, í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og á Íslandi.

### Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Á árinu 1972 var starfsemi Verðjöfnunarsjóðs með svipuðum hætti og áður og deildaskipting hin sama, þ. e. fyrir frýstar fiskafurðir, fyrir mjöl og lýsi (loðnuafurðir) og fyrir saltfisk. Heildarinnstæða í Verðjöfnunarsjóði var við árslok kr. 1.254,5 millj. Með lögum nr. 18/1972 var ákveðið, að innstæða Verðjöfnunarsjóðs skyldi gengistryggð. Við gengisbreytingu krónunnar í desember 1972 kom þetta ákvæði fyrst til framkvæmda, og nam hækkun á innstæðu Verðjöfnunarsjóðs samkvæmt því 129,6 millj. kr. Er það innifalið í fyrrgreindri upphæð.

Endanlegt uppgjör fyrir framleiðslu ársins 1971 liggur fyrir, og skiptist innheimt fé þannig eftir deildum:

Frystar fiskafurðir .....	kr. 541.866 þús.
Saltfiskur .....	— 137.783 —
Loðnuafurðir .....	— 17.079 —
	<hr/>
	kr. 696.728 þús.

Enn er ekki lokið að fullu innheimtu vegna framleiðslu ársins 1972, en áætla má, að heildargreiðslur muni nema þessum upphæðum:

Frystar fiskafurðir .....	kr. 32,0 millj.
Saltfiskur .....	— 8,5 —
	<hr/>
	kr. 40,5 millj.

Á árunum 1970 og 1971 var þróun verðlags þannig, að eingöngu greiddist inn í sjóðinn, þar sem verðlag fór stöðugt hækkandi á öllum þeim afurðum, sem koma undir Verðjöfnunarsjóð. Á árinu 1972 varð hins vegar mikið verðfall á mjöli og lýsi, og hlaut því að koma til greiðslu úr sjóðnum vegna loðnuafurða á því ári. Alls námu greiðslur þessar upphæðum sem hér segir:

*Loðnuafurðir*

Mjöl .....	kr. 35.210 þús.
Lýsi .....	— 20.256 —
	<hr/>
	kr. 55.466 þús.

Með lögum nr. 98/1972 var gerð sú breyting á lögum Verðjöfnunarsjóðs, að stjórn sjóðsins var heimilað að greiða úr deildum fyrir frystar fiskafurðir og saltfiskafurðir sérstakt framlag vegna bol- og flatfiskafurða að undanskildum kolategundum, sem framleiddar voru á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1972. Voru greiðslur þessar í sambandi við fiskverðshækkanir, sem orðið höfðu þá nýlega og leiddu til rýrnandi hags frystihúsanna og saltfiskverkenda á þessu tímabili. Endanlegt uppgjör hefur ekki farið fram, en alls hafa greiðslur þessar numið kr. 85.146 þús. vegna freðfisks og kr. 10.894 þús. fyrir saltfisk.

Þrátt fyrir verulegar verðhækkanir, sem urðu á afurðum öðrum en loðnuafurðum af framleiðslu ársins 1972, námu greiðslur til sjóðsins óverulegum upphæðum, eins og fram kemur af því, sem sagt hefur verið hér á undan, og á síðasta ársfjórðungi varð að greiða úr sjóðnum vegna freðfisks og saltfisks, án þess að þar væri um verðlækkun að ræða. Ástæðan til þessa var að sjálf-sögðu sú, að ákveða varð grundvallarverð til viðmiðunar verulega hærra en áður, þar sem ekki varð komizt hjá því að taka tillit til fiskverðshækkana og mikilla hækkana á tilkostnaði við framleiðsluna.

**Framkvæmdasjóður Íslands**

Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem sett voru í desember 1971, tóku gildi í ársbyrjun 1972. Með lögum þessum var ákveðið, að Framkvæmdasjóður Íslands yrði hluti af stofnuninni. Það varð að samkomulagi í byrjun ársins samkvæmt beiðni stjórnar Framkvæmdastofnunar, að Seðlabankinn hefði áfram á hendi starfrækslu Framkvæmdasjóðs, þar til annað yrði ákveðið. Fór svo, að Framkvæmdasjóður var starfandi í húsakynnum Seðlabankans fram til 1. september 1972, en þá flutti Framkvæmdasjóður starfsemi sína alveg inn í húsnæði Framkvæmdastofnunar við Rauðarárstíg. Fjórtán starfsmenn voru starfandi við Framkvæmda- og Ríkisábyrgðasjóð, Orkusjóð og Hafnabótasjóð í árslok 1971. Fór um helmingur þessa starfsfólks með Framkvæmdasjóði, er hann flutti í Framkvæmdastofnunina.

**Ríkisábyrgðasjóður**

Seðlabankinn sér um rekstur Ríkisábyrgðasjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins samkvæmt samningi frá 1962.

Starfsemi sjóðsins var öll með svipuðu sniði eins og verið hefur undanfarin ár. Sjóðurinn sér um undirbúning og afgreiðslu nýrra ríkisábyrgða, innlausn krafna, sem á ríkissjóð falla vegna

## Nýjar ábyrgðir

ábyrgða, sem hann hefur tekizt á hendur, og innheimtu slíkra krafna. Ennfremur hefur sjóðurinn með höndum vörzlu og innheimtu ýmissa lána, sem ríkissjóður hefur veitt, bæði af eigin fé og af andvirði lána, sem hann hefur tekið. Í sambandi við sjóðinn starfar Tryggingardeild útflutningslána, en hennar er getið á öðrum stað í skýrslu þessari.

Umsóknir um ríkisábyrgðir, aðrar en ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga, voru nokkru færri á árinu 1972 en árið á undan. Nýjar ábyrgðir, sem afgreiðslu hlutu, voru samtals 57, en 63 árið áður. Nýjar ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga jukust hins vegar mjög og urðu 968, en 773 árið 1971. Heildarfjöldi nýrra ábyrgða, sem ríkissjóður tókst á hendur, varð því 1025, en 836 árið á undan. Heildarfjárhæð nýrra ábyrgða árið 1972 varð 1.000 millj. kr., sem er 583 millj. kr. hærrí fjárhæð en árið áður, en þá námu nýjar ábyrgðir 417 millj. kr. Skiptingu ábyrgða eftir lánstílgaugi má sjá á yfirlitinu, sem fylgir hér á eftir:

	1971	1972	
	millj. kr.	fjöldi áb.	millj. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	63	19	56
Vatnsveitur .....	78	9	8
Hitaveitur .....	8	4	5
Fiskiðnaður .....	11	7	11
Iðnaður .....	15	6	28
Raforkumál .....	—	—	—
Samgöngur .....	—	—	—
Togarar .....	—	7	596
Byggingarsamvinnufélög .....	201	968	290
Annað .....	41	5	6
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	417	1025	1000

Eins og sjá má á yfirlitinu hafa ábyrgðir vegna hafnarlána lækkað lítið eitt eða um 7 millj. kr., og mjög mikil lækkun hefur orðið á vatnsveituábyrgðum. Ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaga hafa hækkað verulega eða um 89 millj. kr. Á árinu voru samþykkt lög um heimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast lán til kaupa á skuttogurum. Nema ábyrgðir samkvæmt þeirri heimild 596 millj. kr. Lög þessi heimila ríkissjóði að ábyrgjast 80% af kaupverði skuttogara, en eiginleg áhætta ríkissjóðs vegna ábyrgða þessara er mun lægri, þar eð gert er ráð fyrir, að lán, sem Fiskveiðasjóður veitir og nemur allt að 2/3 af kaupverði slíkra skipa, standi undir tilsvareandi hluta af endurgreiðslu hinna erlendu lána. Eiginleg ábyrgð ríkissjóðs er því aðeins 13,3% af kaupverði skipanna. Eins og fyrr getur námu nýjar ábyrgðir vegna kaupa á togurum 596 millj. kr., og er það vegna kaupa á 7 togurum. Þetta eru þær ábyrgðir, sem þegar

**Greiðslur vegna ábyrgða**

hefur verið gengið frá. Hins vegar hefur verið heitið ábyrgð vegna kaupa á mun fleiri skipum, en ekki verður gengið frá þeim, fyrr en skipin koma.

Verulega dró úr greiðslubyrði Ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila á árinu, frá því sem var árið á undan. Útborganir lækkuðu talsvert eða um 23 millj. kr., en endurgreiðslur skuldara jukust nokkru meira eða um 26 millj. kr. Nettó-greiðslur námu alls 44 millj. kr. árið 1972, en voru 93 millj. kr. árið áður. Á yfirlitinu hér á eftir má sjá greiðslur sjóðsins vegna ábyrgðarlána og lána ríkissjóðs árin 1968—1972:

	1968	1969	1970	1971	1972
Innleystar kröfur . . . . .	270	371	255	200	177
Endurgreiðslur skuldara . . . . .	131	266	263	107	133
	139	105	—8	93	44

Hlutfallsskipting greiðslna milli einkaaðila og opinberra aðila varð hin sama og árið áður, þ. e.  $\frac{2}{3}$  af greiðslum þeim, sem á sjóðinn falla, eru vegna ábyrgða á lánum einkaaðila, en  $\frac{1}{3}$  vegna lána, sem opinberir aðilar, bæjar- og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra eða opinberar stofnanir hafa tekið.

Nokkrar greiðslur féllu á sjóðinn vegna hafnarlána, en minni en árið áður, og nokkuð þurfti að greiða vegna Orkusjóðs, sem á í greiðsluvandræðum þrátt fyrir fastar tekjur af verðjöfnun-argjaldi. Veruleg hækkun varð á greiðslum vegna fiskiðnaðar og einkum vegna síldarverksmiðja, en rekstur þeirra varð nánast enginn á árinu, ef undan eru skildar þær verksmiðjur, sem bræddu loðnu. Flugfélag Íslands átti enn í greiðsluerfiðleikum, og varð Ríkisábyrgðasjóður að greiða hluta af láni félagsins vegna þotukaupa.

**Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð**

Deildin var stofnsett með lögum nr. 60/1970. Henni er ætlað að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánnum, sem þeir útvega eða veita erlendum kaupendum. Ennfremur er tryggingardeildinni heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, sem til eru orðnar vegna útflutnings á íslenskum vörum. Starfsemi deildarinnar er enn í mótun og smá í sniðum. Í síðustu ársskýrslu var þess getið, að í athugun væri að tryggja lán, sem veitt eru erlendum kaupendum íslenskra vara til skemmri tíma en eins árs. Á árinu tók deildin að sér tvær slíkar tryggingar, samtals að fjárhæð um 118,8 millj. kr.

Á þeim 2 árum, sem hægt er að segja að deildin hafi verið starfandi, hefur hún veitt 3 tryggingar, samtals að fjárhæð 140,3 millj. kr. miðað við núgildandi gengi.

**Framkvæmda- og  
fjáröflunaráætlun  
ríkissjóðs**

Seðlabankinn hefur undanfarin ár annazt fjárhagslega framkvæmd framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkissjóðs, og svo var einnig nú.

Lög um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun voru samþykkt á Alþingi hinn 17. maí 1972. Upphæð áætlunarinnar um opinberar framkvæmdir var 956,0 millj. kr. miðað við fulla notkun heimilda. Ennfremur voru Framkvæmdasjóði ætlaðar 360,0 millj. kr. Fjáröflun nam jafnhárri fjárhæð.

Ekki kom til þess, að allar heimildir væru notaðar að fullu, en hins vegar var um að ræða nokkrar afgreiðslur utan áætlunarinnar, en tengdar henni. Afgreitt var á árinu það, sem óafgreitt var af áætlun ársins 1971, 20,2 millj. kr. Ennfremur var veitt bráðabirgðalán til Áburðarverksmiðju ríkisins að fjárhæð 30,0 millj. kr. Yfirlit yfir afgreiðslu vegna framkvæmdaáætlunar á árinu 1972 og fjáröflun vegna hennar fer hér á eftir (í millj. kr.):

*I. Framkvæmdaáætlun 1972:*

Afgreidd lán skv. áætlun um opinberar framkvæmdir .....		883,9	
Lán til Framkvæmdasjóðs .....		360,0	
Til framkvæmda á Skeiðarársandi .....		97,0	

*Innlend fjáröflun:*

Andvirði spariskírteina 1972 I .....	195,9		
Andvirði spariskírteina 1972 II .....	360,0		
Innheimtufé spariskírteinalána .....	294,0		
Andvirði happdrættisláns vegna Skeiðarársandsveggar .....	97,0	946,9	

*Erlend fjáröflun:*

Belgískt lán .....	249,0		
Andvirði láns frá Viðreisnarsjóði .....	178,6	427,6	

Mismunur .....

1.374,5    1.374,5

*II. Hreyfingar utan áætlunar 1972:*

Afgreidd lán skv. áætlun 1971 .....		20,2	
Bráðabirgðalán v/Áburðarverksmiðju .....		30,0	
Andvirði PL-480-lána vegna áætl. fyrri ára, innk. 1972 .....	67,0		
Mismunur hreyfinga utan áætlunar 1972 .....		16,8	

67,0    67,0

*III. Heildaryfirlit:*

Mismunur áætlunar 1972 .....	33,6		
Mismunur hreyfinga utan áætlunar 1972 .....	16,8		
Breytt staða við Seðlabanka .....		50,4	

50,4    50,4

### Útgáfa spariskírteina

Með lögum nr. 82/1971 var fjármálaráðherra heimilað að gefa út verðtryggð spariskírteini að fjárhæð 200 millj. kr. Voru skírteini þessi gefin út sem 1. flokkur 1972 í desember 1971 og seldust upp. Með lögum nr. 26/1972 var enn heimiluð útgáfa verðtryggðra spariskírteina að fjárhæð 500 millj. kr. Sala þeirra skírteina, sem gefin voru út sem 2. flokkur 1972, hófst í maí, og seldust alls skírteini að fjárhæð 360 millj. kr. Heildarsala spariskírteina, sem teljast til ársins 1972, nam því 560 millj. kr. Heimilt var eins og áður að selja ný skírteini sem næmi höfuðstól og verðbótum innleysta eldri skírteina, en ekki kom til, að sú heimild yrði notuð. Allt andvirði hinna seldu skírteina var notað til lánveitinga innan framkvæmdaáætlunar og einnig 294,0 millj. kr. af innheimtufé eldri lána af spariskírteinafé.

Kjör beggja skírteinaflokka, sem seldir voru, voru hin sömu. Eru þau nokkuð breytt frá því, sem áður hefur verið. Meðalvextir eru 5% á ári fyrir allan lánstímann, en 3% á ári fyrir fyrstu 4—5 árin. Hámarkslánstími er 14 ár. Greiðslur afborgana og vaxta af skírteininum eru bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Seðlabanki Íslands sá um undirbúning og framkvæmd útgáfu og sölu skírteinanna, eins og áður hefur verið. Þetta er níunda árið, sem ríkissjóður aflar fjár til framkvæmda með sölu spariskírteina. Heildarfjárhæð seldra skírteina þessi 9 ár er 1.235 millj. kr. auk endurútgáfu vegna innleysta skírteina. Í árslok 1972 voru alls útistandandi spariskírteini að fjárhæð 1.274 millj. kr.

### Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, en Ríkisábyrgðasjóði er samkvæmt lögum ætluð umsjón og varzla lána, sem ríkissjóður veitir af fé, sem hann tekur að láni, sem og lána, sem hann veitir af eigin fé sínu. Heildarfjárhæð slíkra lána nam í árslok 1972 8.014,5 millj. kr. og hækkaði á árinu um 2.831,0 millj. kr. Þar af námu hækkanir vegna gengisbreytinga 55,4 millj. kr. Innheimtar afborganir og vextir af lánnum þessum námu alls 696,0 millj. kr. Ríkisábyrgðasjóði er jafnframt ætlað að sjá um endurgreiðslu þeirra erlendu lána, sem ríkissjóður hefur tekið og endurlánað hér innanlands. Vaxta- og afborganagreiðslur slíkra lána námu 375,5 millj. kr. á árinu.

Eins og getið er áður, voru á árinu gefnir út 2 flokkar spariskírteina, samtals að fjárhæð 560 millj. kr. Einnig voru á árinu tekin þrjú erlend lán. Hið fyrsta var boðið út á Evrópumarkaði. Það var að fjárhæð 15 millj. dollara, og var andvirðið lánað Landsvirkjun. Annað lánið var tekið í Sviss vegna hafnargerðarinnar í Straumsvík. Það var að fjárhæð 25 millj. svissneskra franka.

## Orkusjóður

Þriðja lánið var tekið í Belgíu. Var það að fjárhæð 125 millj. belgískra fr. og var endurlánað Laxárvirkjun. Heildarfjárhæð nýrra lána, sem afgreidd voru í nafni ríkissjóðs, var 2.666,5 millj. kr.

Seðlabankinn sér um bókhald og afgreiðslu fyrir Orkusjóð, en stjórn sjóðsins er lögum samkvæmt í höndum Orkuráðs.

Tekjur Orkusjóðs eru, auk tekna af rekstri, framlög úr ríkissjóði, sem ákveðin eru á fjárlögum, og verðjöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 17/1970.

Alls námu framlög á fjárlögum 1972 84,0 millj. kr., 50,0 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum, 5,1 millj. kr. til jarðhitaleitar og 28,9 millj. kr. til endurgreiðslu lána, sem sjóðurinn hefur tekið og varið hefur verið til styrkveitinga eða rannsókna. Tekjur af verðjöfnunargjaldi námu 70,0 millj. kr. Þótt verðjöfnunargjald renni til sjóðsins samkvæmt fyrrgreindum lögum, er það talið í fjárlögum með framlögum ríkissjóðs til Orkusjóðs.

Lántökur Orkusjóðs námu alls 358,1 millj. kr. á árinu 1972. Innan framkvæmdaáætlunar 1972 námu lántökur 356,2 millj. kr., en lántökur frá sveitarsjóðum vegna raflínulagna námu 1,9 millj. kr.

Lánveitingar úr Orkusjóði urðu alls 276,0 millj. kr. árið 1972. Í meginatriðum skiptust lánveitingar þannig:

Lán til Rafmagnsveitna ríkisins . . . . .	259,0 millj. kr.
Rafstöðvalán til bænda . . . . .	1,2 — —
Lán til jarðhitaleitar og virkjunar jarðvarma .	15,8 — —
	<hr/>
	276,0 millj. kr.

Heildarútlán sjóðsins námu 1.403,1 millj. kr. í árslok 1972. Styrkveitingar og framlög úr sjóðnum námu 208,3 millj. kr. á árinu. Framlög til orkurannsókna námu 32,0 millj. kr., en styrkveitingar til rafvæðingar urðu 176,3 millj. kr.

## Hafnabótasjóður

Samkvæmt ákvæði í Hafnalögum sér Seðlabankinn um bókhald og afgreiðslu Hafnabótasjóðs, en sjóðurinn lýtur stjórn samgönguráðherra.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af lánnum og framlög úr ríkissjóði. Ríkisframlag var 22,0 millj. kr. á árinu, 5,0 millj. kr. hærra en árið áður. Hreinar vaxtatekjur urðu 3,4 millj. kr., en 1,9 millj. kr. árið 1971.

Hafnabótasjóður tók á árinu lán hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði að fjárhæð 38,0 millj. kr. og 1,0 millj. kr. lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna greiðsluörðugleika var að auki tekið 12,0 millj. kr. bráðabirgðalán úr ríkissjóði.

Alls voru á árinu veitt 15 lán að fjárhæð 41,6 millj. kr. og 2 bráðabirgðalán út á væntanleg framlög af fjárlögum að fjárhæð 7,0 millj. kr. Heildarútlán námu í árslok 167,8 millj. kr. Á árinu voru tveim hafnarsjóðum veittir styrkir vegna greiðsluvandræða, samtals 6,5 millj. kr.



## STJÓRN BANKANS OG STARFSMENN

### Stjórn bankans

Engin breyting varð á skipan bankastjórnar á árinu. Kjörtími bankaráðsins, sem er fjögur ár í senn, rann út í lok ársins. Þeir Birgir Kjarian, hagfræðingur, Ragnar Ólafsson, hrl., Sigurjón Guðmundsson, frkvstj., og Sverrir Júlíusson, forstjóri, voru endurkjörnir í bankaráðið til næstu fjögurra ára, en Emil Jónsson, fyrrv. ráðherra, vék úr sæti. Kjörinn var Ingi R. Helgason, hrl. Er kjörtími hins nýja bankaráðs til ársloka 1976. Ragnar Ólafsson var skipaður formaður bankaráðsins, en varaformaður Ingi R. Helgason. Birgir Kjarian hafði gegnt formannsstarfi í bankaráði Seðlabankans frá 1961 eða í þrjú kjörtímabil. Emil Jónsson hætti starfi við bankaráðið í árslok eftir 12 ára starf við Seðlabankann.

### Fráfall Vilhálms Þór

